



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

ÞÁTTAKA Í FRÆÐSLU Á ÍSLANDI
NIÐURSTÖÐUR ÚR VINNUMARKAÐSRANNSÓKN
HAGSTOFUNNAR 2003

Jón Torfi Jónasson
Andrea Gerður Dofradóttir

2009

© 2009 Höfundar

ISBN 978-9979-9847-9-5

Öll réttindi áskilin.

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu leyfi höfunda eða útgefenda. Brot varða lög um höfundarrétt.

Tilvísun:

Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2009). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi. Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2003*. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi. Félagsvísindastofnun HÍ.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	SKILGREINING MIKILVÆGRA HUGTAKA	5
1.2	UPPBYGGING RITSINS	7
2	AÐFERÐ	8
2.1	FRAMKVÆMD	8
2.2	ÞÁTTAKENDUR.....	8
2.3	SPURNINGALISTI OG ÚRVINNSLA	8
	<i>Vegnar niðurstöður</i>	<i>9</i>
	<i>Óvissa tilgreind</i>	<i>9</i>
	<i>Aldursviðmið.....</i>	<i>10</i>
	<i>Samanburður við önnur lönd.....</i>	<i>10</i>
	<i>Samanburður á milli ára</i>	<i>10</i>
3	STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR	11
3.1	STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR	11
	<i>Fyrirvari um flokkun</i>	<i>11</i>
	<i>Staða formlegrar menntunar.....</i>	<i>12</i>
3.2	STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR - HÓPURINN MEÐ STYSTU MENNTUNINA	18
3.3	STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR – SAMANBURÐUR MILLI ÁRA.....	20
3.4	STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR – SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM.....	20
4	ÞÁTTAKA Í FORMLEGRI MENNTUN	22
4.1	ÞÁTTAKA Í OPINBERA SKÓLAKERFINU Á ÍSLANDI.....	22
	<i>Þáttaka í opinbera skólakerfinu eftir bakgrunnspáttum</i>	<i>22</i>
	<i>Þáttaka eftir aldri og skólastigi.....</i>	<i>26</i>
	<i>Þáttaka eftir aldri og kyni</i>	<i>27</i>
	<i>Þáttaka eftir fyrri menntun og kyni.....</i>	<i>27</i>
	<i>Þáttaka eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni</i>	<i>29</i>
	<i>Þáttaka eftir atvinnugrein og kyni</i>	<i>29</i>
	<i>Þáttaka eftir starfsstétt og kyni</i>	<i>31</i>
	<i>Þáttaka eftir búsetu og kyni.....</i>	<i>32</i>
4.2	ÞÁTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU – SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR EVRÓPUÞJÓÐIR	33
	<i>Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir</i>	<i>33</i>
	<i>Samanburður við Norðurlönd og Bretland</i>	<i>34</i>
	<i>Stuðull jafnaðar - Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir.....</i>	<i>38</i>
4.3	ÞÁTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU - HÓPURINN MEÐ STYSTU MENNTUNINA	39
4.4	ÞÁTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU – SAMANBURÐUR MILLI ÁRA.....	42
4.5	ÞÁTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU – SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM.....	43
	<i>Almennar niðurstöður.....</i>	<i>43</i>
	<i>Ólík þáttaka karla og kvenna</i>	<i>44</i>
	<i>Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir</i>	<i>44</i>
	<i>Þáttaka þeirra sem hafa stystu skólagönguna</i>	<i>45</i>
	<i>Samanburður milli ára</i>	<i>46</i>
5	FRÆÐSLA MEÐ LEIÐBEINANDA	47
5.1	ÞÁTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA.....	47
	<i>Tegundir fræðslu með leiðbeinanda eftir kyni</i>	<i>47</i>
	<i>Fjöldi skipta sem fólks sækir sér fræðslu</i>	<i>48</i>
	<i>Þáttaka eftir aldri og kyni</i>	<i>51</i>
	<i>Þáttaka eftir menntun og kyni.....</i>	<i>52</i>
	<i>Þáttaka eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni</i>	<i>53</i>
	<i>Þáttaka eftir atvinnugrein og kyni</i>	<i>53</i>
	<i>Þáttaka eftir starfsstétt og kyni</i>	<i>55</i>

<i>Þátttaka eftir stærð vinnustaðar og kyni</i>	55
<i>Þátttaka eftir búsetu og kyni</i>	56
<i>Þátttaka eftir búsetu og menntun</i>	57
<i>Tílefni fræðslunnar</i>	58
<i>Frumkvæði að fræðslu</i>	60
<i>Kostun og tímasetning fræðslu</i>	61
5.2 ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANADA – SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR EVRÓPUÞJÓÐIR	64
<i>Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir</i>	64
<i>Samanburður við Norðurlönd og Bretland</i>	65
<i>Stuðull jafnaðar - Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir</i>	69
5.3 ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA – ÞEIR SEM HAFÁ STYSTU MENNTUNINA	71
5.4 ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA – SAMANBURÐUR MILLI ÁRA	73
5.5 ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA – SAMANTEKT HELSTU NIÐURSTAÐNA	74
<i>Almennar niðurstöður</i>	74
<i>Þátttaka karla og kvenna</i>	75
<i>Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir</i>	75
<i>Þátttaka þeirra sem hafa stystu skólagönguna</i>	76
<i>Samanburður milli ára</i>	76
6 STARFSPJÁLFUN OG NÝLIÐAFRÆÐSLA	78
6.1 ÞÁTTTAKA Í OG ÞÖRF FYRIR STARFSPJÁLFUN EÐA NÝLIÐAFRÆÐSLU	78
<i>Nýliðafræðsla og þjálfun eftir aldri og kyni</i>	81
<i>Nýliðafræðsla og þjálfun eftir menntun og kyni</i>	81
<i>Nýliðafræðsla og þjálfun eftir atvinnugrein og kyni</i>	83
<i>Nýliðafræðsla og þjálfun eftir starfstétt og kyni</i>	84
<i>Nýliðafræðsla og þjálfun eftir stærð vinnustaðar og kyni</i>	85
<i>Nýliðafræðsla og þjálfun eftir búsetu og kyni</i>	86
6.2 STARFSPJÁLFUN OG NÝLIÐAFRÆÐSLA – SAMANTEKT HELSTU NIÐURSTAÐNA	87
7 VIÐAUKI	89
8 HEIMILDIR	99

1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rannsóknar á þátttöku í fræðslu á Íslandi. Rannsóknin byggir á gögnum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Niðurstöður eru einkum byggðar á sérkönnun sem var hluti af vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar árið 2003, en markmiðið með henni var að afla nánari upplýsinga um þátttöku í námi og fræðslu, umfram það sem gert er í reglubundnum vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar. Svonefndum viðhengisspurningum (*e. ad hoc modules*) um fræðslu eða símenntun (*e. life long learning*) var bætt við vinnumarkaðsrannsóknina. Viðhengisspurningum, sem fjalla um afmörkuð efni tengd vinnumarkaði, hefur öðru hverju verið bætt við spurningalista vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Evrópusambandsins (*Eurostat*) á undangengnum árum, en þetta var í fyrsta sinn sem slíkum spurningum var bætt við vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Þessi sérkönnun fór því fram í öllum aðildarlöndum Evrópusambandsins og EFTA, sem gefur meðal annars tækifæri til að bera Ísland saman við lönd innan vébanda þessara samtaka. Við höfum áður rætt nokkrar niðurstöður þessarar rannsóknar í ársriti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (Jón Torfi Jónasson & Andrea Gerður Dofradóttir, 2007).

1.1 SKILGREINING MIKILVÆGRA HUGTAKA

Í umræðunni um stöðu símenntunar og fræðslu fullorðinna má greina mismunandi hugtök sem eru um margt óljós og oft skilin á ólíka vegu. Þannig notar fólk stundum mismunandi orð á víxl þótt verið sé að tala um sama hlutinn, eins og til dæmis orðin starfsmenntun, símenntun, endurmenntun og fullorðinsfræðsla, en getur jafnframt í öðrum tilvikum átt við ólíka hluti þótt um sama orðið sé að ræða (Jón Torfi Jónasson, 2004). Í skýrslu Hagstofunnar vegna sérkönnunarinnar, sem meginniðurstöður þessarar skýrslu byggja á, kemur fram að lítið sé svo á að símenntun sé ferli náms sem nær til allra aldurs hópa, hvort sem þeir eru starfandi, atvinnulausir eða utan vinnumarkaðar. Símenntun sé því fremur lýsing á ástandi eða almennu fyrirkomulagi fremur en tegund náms (Jón Torfi Jónasson & Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001).

Notkun hugtaka tengdum þessum málaflokki hefur þannig verið nokkuð á reiki í íslenski umfjöllun um fræðslumál almennt, einkum hvað varðar fræðslu fullorðinna annars vegar og fræðslu utan opinbera skólakerfisins hins vegar. Orðið *símenntun* virðist vera fólkí tamt að nota þegar lýsa á því viðfangsefni sem þessi skýrsla fjallar um. Orðinu hafa verið gefnar tvær merkingar í almennri umræðu. Annars vegar sú að vísað sé til menntunar allt lífið (*e. life long learning*), en orðið *ævimenntun* hefur einnig verið notað til þess að undirstrika þá merkingu. Þessi skilningur speglast í gegnsæi orðsins og túlkar vel erlendu orðin sem eru almennt notuð og ætti að vera sá sem væri ráðandi. Með tilvísun í þá merkingu er talað um símenntunarþjóðfélag, þ.e. þjóðfélag þar sem fólk er sýnilega og iðulega að mennta sig allt lífið, frá vöggu til grafar, og að það þyki eðlilegt. Miðað við þessa merkingu orðsins beinist þessi rannsókn að þeim hluta sí- eða ævimenntunar sem fram fer eftir að fullorðinsaldri er náð, en í úrvinnslu verða í skýrslunni notuð mismunandi viðmið um lægri aldursmörk, eins og rakið verður hér á eftir. Orðið *símenntun* hefur einnig verið notað til þess að vísa til þess að menntun ljúki ekki þegar formlegri skólagöngu lýkur, heldur sé fólk sífellt að mennta sig eftir það. Í því sambandi er talað um að fólk taki þátt í símenntun, eða mikilvægi þess að leggja áherslu á símenntun, þ.e. menntun umfram þá sem fer fram í formlegu skólalaldi. Þessi síðari skilningur virðist vera algengari, bæði í íslenski og erlendri umræðu, en er samt sem áður fjær bæði gegnsæi orðanna og formlegum skilgreiningum. Af þessum sökum verður reynt að sneiða hjá því að nota orðið símenntun, þótt sú tvöfalda merking sem hér er vikið að valdi engum teljandi

vanda í daglegri umræðu. Með tilvísun í þá merkingu orðsins sem hér hefur verið rakin verður ekki rætt um þátttöku í símenntun, heldur varpað fram þeirri almennu spurningu að hvaða marki símenntun einkenni íslenskt þjóðfélag.

Orðið fullorðinsfræðsla hefur líka haft fleiri en eina merkingu. Bæði í erlendri umræðu (sjá einkum Pont, Sonnet og Werquin (2003), bls. 23-26) og í íslenskri umræðu hefur það verið notað bæði í víðri og þröngri merkingu. Þrátt fyrir viss ósamræmi verður orðið samt notað hér í umfjöllun um menntun fullorðinna. Það hefur verið á reiki bæði í íslenskri og erlendri umræðu hvort telja eigi nám fullorðinna innan formlega skólakerfisins (t.d. í háskóla) til fullorðinsfræðslu. Það virðist hafa orðið ofan á í erlendri umfjöllun að gera ekki greinarmun á hvar menntunin fer fram þegar þátttaka fullorðinna er athuguð. Í fyrstu umferð úrvinnslunnar hér er því öll menntun talin með. Í þessari skýrslu er bæði gerð grein fyrir menntun fólks innan og utan formlega skólakerfisins, óháð því hvernig hún er skipulögð og hvar hún fer fram. Stór hluti skýrslunnar fæst samt sem áður við athugun á menntun eða fullorðinna utan formlega skólakerfisins – eða skort á slíkri menntun, en það er megintilgangur skýrslunnar að skoða þátttöku í slíkri menntun. Hins vegar mun talsvert vera rætt um menntun innan formlega skólakerfisins af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess að það er viðfangsefni skýrslunnar að grennslast fyrir um stöðu þeirra sem ekki hafa hlotið brautargengi innan kerfisins og það krefst samanburðar við þá sem hafa gengið skólavegin og hins vegar vegna þess hve miklu skólagangan skiptir fyrir þátttöku í annarri menntun. Skýrslan er því öðrum þræði um menntun fullorðinna þar sem sérstök áhersla er lögð á stöðu og framvindu menntunar meðal þeirra sem ekki hafa lokið miklu formlega námi. Vandinn er sá að hugmyndir fólks um hvað sé endurmenntun eða fullorðinsfræðsla hefur verið að breytast á undanfórnum árum. Lengi vel vísuðu þessi hugtök aðeins til menntunar utan skólakerfisins en smám saman hafa þau einnig náð til menntunar innan kerfisins, sbr. tilvísun í Pont og féлага hér að ofan. Tuijnman og Boström (2002) lýsa því vel hvernig skilningur manna á hugtökunum *lifelong education* and *lifelong learning* hefur breyst í tímas rás.

Í þessu riti verður fyrrgreind hugtakanotkun tengd símenntun og fræðslu fullorðinna látin liggja á milli hluta, en almennt fjallað um menntun fullorðinna. Í stað þess að leita eftir nákvæmum skilgreiningum þessara hugtaka munum við skilgreina þá hópa sem við tölum um með tilvísun í skólakerfið eða nám utan þess eftir því sem slíkar skilgreiningar leyfa. Þátttöku í fræðslu verður þar af leiðandi gerð skil með tilliti til tveggja megin námsleiða og þess hvernig spurt var í könnun Hagstofunnar:

Þátttaka í námi innan opinbera skólakerfisins (*e. formal education*), þar sem spurt var um hvort viðkomandi hefði verið skráður í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum (einnig spurt um síðustu 4 vikur).

Þátttaka í fræðslu með leiðbeinanda, en utan opinbera skólakerfisins (*e. non-formal education*), þar sem spurt var hvort viðkomandi hafi sótt námskeið, ráðstefnu, málþing, fyrirlestur og eða aðra fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum (einnig spurt um síðustu 4 vikur).

Auk þessa er greint frá stöðu formlegrar menntunar og fjallað um nýliðafræðslu, þ.e. skipulagða fræðslu fyrir starfsmenn þegar þeir hefja störf.

1.2 UPPBYGGING RITSINS

Skýrsla þessi skiptist í 6 kafla auk viðauka. Í kafla 1 (Inngangi) er gerð grein fyrir efni ritsins og drepíð á þau álitamál sem koma upp í umfjöllun um símenntun eða ævimenntun. Í kafla 2 (Aðferð) er gerð grein fyrir tæknilegum framkvæmdaratriðum. Gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í köflum 3 til 6 en í kafla 3 er fjallað um þá menntun sem fólk hefur lokið í formlega skólakerfinu, m.a. rætt um það hve margir hafa lokið þaðan prófgráðu. Í kafla 4 er síðan gerð grein fyrir hve mikil þátttaka er í skólasterfi nú meðal fullorðins fólks. Í kafla 5 er fjallað niðurstöður um þátttöku í fræðslu með einhverri leiðsögn; námskeið eru þar langsamlega algengasta formið. Í síðasta kafla er fjallað um nýliðafræðslu, þ.e. fræðslu sem fólk fær þegar það hefur starf.

Í viðauka eru nokkrar ítarlegar töflur sem ekki voru settar inn í meginmál textans. Í þessum töflum hafa áætlaðar fjöldataölur (þýðistöflur) verið settar fram.

2 AÐFERÐ

2.1 FRAMKVÆMD

Vinumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er samfelld könnun, sem nær til allra vikna ársins. Upplýsinga er aflað með símaviðtölum. Gagnasöfnun vegna sérkönnunarinnar stóð yfir allt árið 2003, en 20% þeirra sem tóku þátt í vinnumarkaðsrannsókninni árið 2003 fengu nánari spurningar um skólagöngu og þátttöku í fræðslu (Hagstofa Íslands, e.d.)

2.2 ÞÁTTAKENDUR

Úrtak vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands byggir á þýði íslenskra og erlendra ríkisborgara á aldrinum 16-74 ára sem eru skráðir í þjóðskrá og eiga lögheimili á Íslandi. Í hverjum ársfjórðungi eru um það bil 4000 einstaklingar valdir með tilviljun og er þeim skipt upp í 5 hópa. Árið 2003 fékk fjórði hópurinn af þessum fimm hópum nánari spurningar um skólagöngu og þátttöku í fræðslu. Úr því er unnið hér.

Heildarfjöldi í úrtakinu var 3.194 manns. Þegar frá eru taldir þeir sem voru látnir eða búsettir erlendis, var heildarfjöldinn 3.117. Fjöldi svarenda var 2.585 og er svarhlutfallið því 83%, sem er sama svarhlutfall og í vinnumarkaðsrannsókninni í heild sinni. Í töflu A í viðauka má sjá lýðfræðilega skiptingu mannfjöldans, en niðurstöður hafa verið vegnar með kynja- og aldurskiptingu þjóðarinnar (sjá nánari útskýringu á því hvað átt er við með því að niðurstöður séu vegnar í kafla 2.3).

2.3 SPURNINGALISTI OG ÚRVINNSLA

Við gerð spurningalista var spurningalisti Hagstofu Evrópusambandsins (*Eurostat*) hafður til hliðsjónar og sumar spurninga hans þýddar. Meðal annars af þessum sökum er hægt að bera saman niðurstöður við niðurstöður sambærilegra rannsókna hagstofanna á öðrum Norðurlöndum sem og í löndum Evrópusambandsins. Spurningar um skólagöngu og menntun eru hluti af kjarnaspurningum vinnumarkaðsrannsóknarinnar en hluti þeirra sem tóku þátt í henni árið 2003 var spurður ítarlegar um þátttöku í námi og fræðslu. Spurningalistinn var aðlagður að íslenskum aðstæðum af Hagstofunni í samvinnu við sérfræðinga frá Menntamálaráðuneytinu og Jón Torfa Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Í könnuninni var þátttaka í námi mæld á þremur sviðum, þ.e. þátttaka í hinu formlega skólakerfi, í námskeiðum og fræðslu með leiðbeinanda og í sjálfsnámi. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum um þátttöku í formlegu námi sem og þátttöku í fræðslu með leiðbeinanda utan hins formlega skólakerfis.

Grunnspurningarnar sem meta þátttöku á þessum tveimur sviðum eru eftirfarandi:

Þátttaka í formlegu skólakerfi (*e. formal education*)

Spurt var: Varstu skráðu(ur) í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum?

Þátttaka í fræðslu með leiðbeinanda (*e. non-formal education*)

Spurt var: Á síðustu 12 mánuðum, sóttir þú...

...Námskeið?

...Ráðstefnu?

...Málþing?

...Fyrirlestur?

...Aðra fræðslu með leiðbeinanda?

Þeir sem höfðu sótt fræðslu með leiðbeinanda voru spurðir nánar út í þátttöku sína. Auk þessa voru þátttakendur spurðir um það hvort þeir hefðu fengið skipulagða fræðslu eða nýliðaþjálfun síðast þegar þeir byrjuðu í nýju starfi (nýliðafræðsla).

Vegnar niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar hafa verið vegnar (vigtaðar, *weighted*) útfrá kyn- og aldurskiptingu þjóðarinnar. Þetta þýðir að, að því marki sem kyn- og aldursdreifing úrtaksins er skekk miðað við kyn- og aldurshlutföll þjóðarinnar (þýðis), þá hafa niðurstöður verið leiðréttar, eða vegnar, í samræmi dreifinguna í þýðinu. Þannig vega meira niðurstöður þeirra kyn- og aldurshópa sem er hlutfallslega of lítið af meðal svarenda og minna þeirra hópa sem hlutfallslega er of mikið af. Upplýsingar um hlutföll og fjöldatölur í niðurstöðum byggja því á vegnum gögnum og fjöldatölur í úrtakinu hafa verið umreiknaðar í fjöldatölur í þýði.

Óvissa tilgreind

Úrtakskannanir hafa ávallt ákveðna óvissu í för með sér, eða úrtaksskekkju. Þar sem þessi úrtaksskekkja ræðst af tilviljun er unnt að reikna vikmörk (*confidence interval*) fyrir þær stærðir sem metnar eru. Á línuritum og súluritum eru vikmörk táknuð með strikum sem teygja sig í báðar áttir frá hlutfallinu. Vikmörkin gefa til kynna, með 95% öryggi, á hvaða bili við getum ályktað að tiltekið hlutfall (eða fjöldatala) sé í þýðinu. Vikmörkin hjálpa okkur því að túlka hve marktæk niðurstaðan er. Ef vikmörk skarast er ekki hægt að fullyrða að marktækur munur sé á milli hópa. Ef vikmörkin skarast hinsvegar ekki má fullyrða með 95% öryggi að um marktækan mun á hópunum sé að ræða í þýðinu. Til dæmis sýna niðurstöður að hlutfall 25-64 ára karla sem hafði ekki lokið námi umfram skyldunám er 26% en sambærilegt hlutfall kvenna var 35%. Vikmörkin fyrir hlutfall karla eru 2,8% en 3,2% fyrir konur (sjá mynd 3.2.1). Þetta þýðir að hlutfall 25-64 ára karla sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram grunnskóla er á bilinu 23-29% (26+/-2,8%) en sambærilegt hlutfall kvenna á bilinu 32-38% (35+/-3,2%). Þar sem vikmörk karla og kvenna skarast ekki má því fullyrða með 95% vissu að hlutfall kvenna sé hærra en hlutfall karla. Á sumum myndum þar sem niðurbrot gagnanna er meira, þ.e. menntun og þátttaka í námi skoðuð eftir fleiri en einni breytu í einu, eru vikmörk oft mikil einkum vegna þess hversu fámennt er í einstaka hópum. Í þeim tilvikum er því oft og tíðum erfitt að álykta um niðurstöður, þ.e. hvort líklegt sé að munur á hlutföllum sé raunverulega til staðar eða ekki í þýðinu.

Í sumum tilvikum er tölfræðiprófið Kí-kvaðrat (*chi-square test*) notað til að meta hvort munur á milli hópa var tölfræðilega marktækur.

Aldursviðmið

Þessi skýrsla fjallar því um menntun fullorðins fólks, innan og utan hins opinbera skólakerfis. Formlega greinir fólk á um hvaða aldersviðmið eigi að nota, en í skýrslunni verða einkum tvö mismunandi aldersviðmið notuð, þ.e. 16-74 ára og 25-64 ára og ræðst það einkum af þrennu. Í fyrsta lagi þeim gögnum sem við höfum (16-74 ára), í öðru lagi þeim erlendu samanburðargögnum sem notuð eru til að bera Ísland saman við (25-64 ára). Í þriðja lagi ræðst aldersviðmiðið af því sem er áhugavert. Til dæmis þegar taka á saman hve stór hluti þjóðarinnar hefur ekki lokið framhaldsskóla, þá virðist ekki áhugavert að skoða fólk á framhaldsskólaaldri, t.d. 16-17 ára unglinga. Í flestum titlum þeirra mynda eða tafna sem birt eru í niðurstöðum skýrslunnar koma fram þau aldersviðmið sem notuð eru hverju sinni.

Samanburður við önnur lönd

Þar sem grunnspurningarnar sem meta þátttöku í formlega skólakerfinu og fræðslusókn með leiðbeinanda eru sambærilegar þeim sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) notar var hægt að bera niðurstöður á Íslandi saman við niðurstöður á öðrum Norðurlöndum sem og í löndum Evrópusambandsins á sama tímabili. Í köflunum um þátttöku í formlegri menntun (kafli 4) og fræðslu með leiðbeinanda (kafli 5) er því að finna sérstaka undirkafla þar sem niðurstöður eru bornar saman við aðrar Evrópuþjóðir.

Samanburður á milli ára

Í reglubundinni vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands hefur verið spurt fyrrgreindra spurninga um þátttöku í formlegri menntun sem og fræðslu með leiðbeinanda. Þetta gerir okkur kleift að bera saman niðurstöður milli ára og eru niðurstöður hér bornar saman milli áráanna 2003, 2004 og 2005. Hér ber hins vegar að tilgreina að spurt var um þátttöku undangengnar fjórar vikur öll árin, en ekki undangengna 12 mánuði eins umfjöllun um niðurstöður byggir almennt á í skýrslunni. Í köflunum um samanburð niðurstaðna milli ára skal því haft hugfast að hlutföll byggja á þátttöku yfir fjögurra vikna tímabil en ekki 12 mánaða tímabil.

3 STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir stöðu formlegrar menntunar, það er menntunar á vegum opinbera skólakerfisins. Niðurstöður um formlega menntun fólks verða skoðaðar eftir ýmsum bakgrunnspáttum.

3.1 STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR

Eitt af markmiðum könnunarinnar er að kanna stöðu þeirra sem hafa minnstu formlegu menntun og tengja hana þátttöku í menntun á fullorðinsaldri. Í könnuninni kom fram það sem almennt er þekkt að um 30% fólks á aldrinum 25-64 ára hefur ekki lokið námi umfram grunnskóla (sjá töflu A í viðauka). Flokkun fólks eftir menntunarstigi er samkvæmt hefðbundinni flokkun Hagstofunnar. Þar er gert ráð fyrir tveimur¹ skólastigum fyrir fólk á aldrinum fram undir tvítugt, þ.e. grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir sem ekki hafa lokið prófi í framhaldsskóla hafa aðeins lokið prófi úr grunnskóla samkvæmt þessari flokkun. Í þeim hópi eru m.a. þeir sem svara því til að þeir hafi lokið gagnfræðaskóla. Vandinn við þessa flokkun er sá að fyrir 1974 þá gat fólk lokið 3. bekk gagnfræðaskóla (sambærilegt við 10. bekk nú) eða gagnfræðaprófi úr 4. bekk gagnfræðaskóla sem var talsvert nám umfram skyldunám.² Samkvæmt þessu er menntun fólks sem er eldra en 45 ára vanmetin miðað við gagnfræðastigið.

Fyrirvari um flokkun

Þeir sem fæddir voru árið 1958, og því 45 ára þegar könnunin var gerð, voru 16 ára árið 1974 þegar barna- og gagnfræðastigin voru sameinuð í eitt skólastig, þ.e. grunnskólastig. Þeir sem voru 46 ára eða yngri þegar könnunin var gerð árið 2003 höfðu því ekki kost á að ljúka gagnfræðaprófi. Þeir sem fæddir voru árið 1969 voru í 10. bekk (núverandi heiti³) árið 1985 þegar hann var í fyrsta sinn skólaskyldur. Þeir voru því um 35 ára þegar þeir svöruðu könnuninni. Þeir sem eru eldri en 35 ára luku margir 10. bekk þótt hann hafi ekki verið skólaskyldur. Þeir hafa því lokið námi umfram skyldunám þótt þeir teljist ekki hafa lokið neinu námi í framhaldsskóla. Vegna þess hve heiti skóla og skólastiga er á reiki eða öllu heldur hefur breyst á undanförunum áratugum þá er erfitt að reiða sig á svör um gagnfræðaskólana. Fjölmargir yngri en 45 ára (á öllum aldri) telja sig hafa lokið gagnfræðaskóla, sennilega vegna þess að skólinn sem þeir voru í hafi borið það heiti löngu eftir að gagnfræðastigið var formlega lagt af.


¹ Leikskólinn kemur ekki inn í þessa umræðu fólks sem er 16 ára og eldra.

² Við þetta bætist að í svörum er ekki gerður greinarmunur á því að ljúka gagnfræðaskóla og gagnfræðaprófi þannig að erfitt er að átta sig á nákvæmlega hve miklu námi hefur verið lokið á þessu millistigi. Sömuleiðis er eitthvað af yngri svarendum sem telur sig hafa lokið gagnfræðaskóla, löngu eftir að formlega staða hans í kerfinu var horfin.

³ Þegar sex ára börn voru skólaskyld árið 1991 var bekkjarheitunum breytt og síðasti bekkur grunnskólans nefndur 10. bekkur í stað þess að vera 9. bekkur.

Staða formlegrar menntunar

Hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið formlegu námi umfram grunnskóla má sjá á mynd 3.1.1. Myndin sýnir aldurs- og kynjaskiptingu þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram grunnskóla (sjá nánar umfjöllun um þennan hóp í kafla 3.2).




Mynd 3.1.1 Hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið formlegu námi umfram grunnskóla; skipt eftir kyni og aldri. Lóðréttu línurnar vísa í ákveðnar breytingar á skólakerfinu þegar viðkomandi aldurshópar voru á unglingsaldri⁴

Einkum tvennt vekur athygli þegar myndin er skoðuð. Svo virðist sem hlutfall karla, sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskóla, hafi staðið í stað. Til dæmis er hlutfall karla milli þrítugs og fertugs, sem ekki hafa lokið neinu formlegu námi umfram grunnskóla, sambærilegt og þeirra sem eru komnir vel á fimmtugsaldur eða eru á sextugsaldri. Það er samt erfitt að meta þetta því einhverjir ljúka framhaldsskólanámi nokkuð seint. Engu að síður er þetta stöðugt hlutfall. Öðru máli gegnir hins vegar um konur. Hlutfall kvenna sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram skyldunám hefur farið jafnt og þétt lækkandi og er komið niður undir 20%, eins og sjá má meðal kvenna milli þrítugs og fertugs.

Það gildir hins vegar bæði um karla og konur að mörg hver eru að ljúka framhaldsskólanámi nokkuð seint. Til dæmis hafa yfir 40% 20-24 ára ekki lokið framhaldsskóla og um þriðjungur 25-29 ára. Þetta er hátt hlutfall fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla á þessum aldri árið 2003. Staða fólks á atvinnumarkaði og áframhaldandi menntun (eða símenntun, þ.e. skipuleg menntun allt lífið) ræðst að talsverðu leyti af því hve mikla grunnmenntun fólk hefur og í því ljósi vantar því enn nokkuð upp á að þessi mál séu í nægilega góðu lagi.

⁴ Þeir sem voru 46 ára og eldri árið 2003 (eldri en lóðréttu línun til hægri sýnir) voru í 10. bekk (núverandi heiti) þegar grunnskólaálagin tóku gildi ári 1974. Þeir sem eru 36 ára og eldri árið 2003 voru í 10. bekk þegar hann varð skyldunám árið 1985.

Af mynd 3.1.1. má ráða þrennt: A) Að minnsta kosti hvað konur varðar ætti að fara varlega í að setja fram og túlka tölur sem gilda fyrir stór aldursbil, t.d. 25-64 ára hópinn. Það verður þó gert í skýrslunni til samanburðar við aðrar tölur, en vegna þess að þessi þátttaka er að breytast er sú samantekt merkingalítill. Öðru máli gegnir um karla vegna þess að breytingar meðal þeirra virðast vera hægar. B) Þetta leiðir athyglina að þeim sterka kynjamun sem þarna kemur fram og er nú vel þekktur, en myndin sýnir hvernig hefur dregið úr honum hægt og sígandi. C) Þriðja atriðið sem er merkilegt og sérstakt umhugsunarefni (og sennilega áhyggjuefni) er hve gamall hópurinn er þegar lágmarkinu er náð. Það er ekki fyrr en á fertugsaldri að hlutfall kvenna sem einungis hafa lokið grunnskólanámi er lægst og karlarnir enn eldri þótt erfitt sé að segja til um við hvaða aldur eigi að miða hjá þeim.




Mynd 3.1.2 Hlutfall þeirra sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi (en engu formlegu námi eftir það); skipt eftir kyni og aldri

Erfiðara er að túlka mynd 3.1.2. Hún sýnir aldurs- og kynjaskiptingu fólks sem lokið hefur bóklegu framhaldsnámi (stúdentsprófi) en engu formlegu námi umfram það. Fyrir marga er stúdentsprófið nú einungis aðgöngumiði inn á næsta skólastig, þ.e. háskólastigið. Það er fyllilega eðlilegt að flestir hafi aðeins lokið því á aldrinum 20-24 ára, en margir þeirra ljúka í framhaldinu háskólanámi og eru því ekki lengur taldir í þessum hópi. Af þeim sökum lækkar því hlutfallið töluvert eftir 25 ára aldurinn. Við þetta bætist að fólk lýkur stúdentsprófi fram eftir aldri þannig að myndin sýnir heldur ekki hve margir ljúka stúdentsprófi og láta þar við sitja. Myndin segir því ekki mikla sögu, en er höfð hér með vegna þess hve stúdentsprófið vegur þungt í allri umfjöllun um skólakerfið.

Staða verklegra greina í framhaldsskóla er í þessu samhengi þó einkar athyglisverð eins og sjá má á mynd 3.1.3. Hvað konur varðar þá hefur ekki orðið mikil breyting á hlutfalli þeirra sem útskrifast með starfsmenntun á framhaldsskólastigi og sækir sér ekki frekara nám, en um 15% kvenna hefur um langan aldur lokið námi af því tagi sem hér um ræðir. Að vísu er mjög

erfitt að henda fullkomnar reiður á þessu því að margvíslegt nám kvenna⁵ sem áður taldist til starfsnáms á framhaldsskólastigi, var síðan á millistigi og er nú á háskólastigi. Því er ekki alltaf ljóst hvernig svarendur hafa flokkað það í svörum sínum. Engu að síður virðist hlutfall kvenna sem hefur lokið starfsnámi á framhaldsskólastigi lítið hafa breyst.

Staða karla með starfsmenntun á framhaldsskólastigi er allt önnur en kvenna og hefur jafnframt breyst meira. Í fyrsta lagi er það af sem áður var að um 40% karla lyki slíku námi og hafði þessi tegund náms þannig um langt skeið mun sterkari stöðu en nám til stúdentsprófs. Í öðru lagi virðist hlutfall karla sem lýkur starfsnámi á framhaldsskólastigi vera á hægu en greinilegu undanhaldi. Þótt sumir karlar séu að ljúka náminu langt fram eftir þrítugs- og fertugsaldrinum er ljóst að hlutur þess í menntakerfinu fer ekki lengur nálægt því sem fyrr var. Það ber þó að hafa í huga að myndin sýnir aðeins það nám sem síðast var tekið og einhver umtalsverð aukning í þeim hópi sem hefur haldið áfram í námi (t.d. í námi í Tækniskólanum) skekkir þessa ályktun. Slík aukning gæti gefið ranglega til kynna að færri séu að ljúka starfsnáminu sem er grundvöllur framhaldsins.




Mynd 3.1.3 Hlutfall þeirra sem hafa lokið starfsnámi á framhaldsskólastigi (en engu formlegu námi eftir það); skipt eftir kyni og aldri

Mynd 3.1.4 sýnir aldurs- og kynjaskiptingu fólks sem hefur lokið námi á háskólastigi. Eins og myndin bendir til hefur sókn kvenna í háskólanám aukist nokkuð stöðugt, sem helgast annarsvegar af því að þær sækja almennt meira í allar greinar langskólanáms, en hins vegar af því að margar þeirra greina sem þær hafa sótt í um langt skeið hafa færst á háskólastig,


⁵ Hér er átt við nám sem einkum hefur verið sótt af konum, svo sem nám þroskaþjálfna og fóstura.

svo sem heilsugæslu- og uppeldis- og menntunargreinar. Hlutfall kvenna sem hafa lokið námi á háskólastigi nálgast nú 50% í þeim aldurshópi þar sem menntunarstigð er hvað hæst (44% 35-39 ára kvenna hafa lokið námi á háskólastigi) og gera má ráð fyrir því að hlutfallið fari hækkandi. Mynd 3.1.4 gefur til kynna að sókn karla í háskólanám hafi aukist mun hægar en kvenna og það hefur tekið langan tíma að ná 30% markinu. Vandinn við þessa mynd er að hún sýnir ekki þá staðreynd að fólk er að ljúka þessu námi á öllum aldri. Það er því stöðugt að bætast við hlutföllin í öllum aldurshópum, einkum og sér í lagi þegar staða náms á háskólastigi er til skoðunar.



Mynd 3.1.4 Hlutfall þeirra sem hafa lokið námi á háskólastigi; skipt eftir kyni og aldri


Þegar staða menntunar er skoðuð er sjónum beint að því hve mikil eða lítil menntun vinnuafslins er og því hvort þar er mikill munur á hópum. Mynd 3.1.5 sýnir mjög glögg að menntunarstaða vinnuafslins er mjög ólík eftir atvinnugreinum. Þá sem hafa að jafnaði stystu menntunina er helst að finna í atvinnugreinum sem tengjast fiskvinnslu, fiskveiðum og landbúnaði. Hins vegar eru hlutfallslega flestir háskólamenntaðir í atvinnugreinum sem tengjast fræðslustarfsemi, fasteignaviðskiptum og ýmissri þjónustu, fjármála-, heilbrigðis- og opinberri þjónustu. Meðal þeirra greina sem eru á undanhaldi hvað varðar hlutdeild í landsframléiðslu eru einmitt greinar sem minnst hafa nýtt sér menntað vinnuafli, þ.e.a.s. frumatvinnugreinarnar, landbúnaður og fiskveiðar, þótt í ýmsum þjónustugreinum sé einnig talsvert byggt á lítið menntuðu vinnuafli. Þær greinar sem eru hinsvegar í vexti reiða sig margar hverjar verulega á menntað vinnuafli.




Mynd 3.1.5 Hlutfall 25-64 ára fólks með tiltekna menntun eftir atvinnugrein⁶

Sömuleiðis sýnir mynd 3.1.6 að starfsstéttir eru misjafnlega samsettar með tilliti til menntunar starfsfólks. Þannig er algengast að sérfræðingar, stjórnendur og embættismenn sem og sérmenntað starfsfólk sé háskólamenntað. Á hinn bóginn er algengast að ósérhæfðir (í samræmi við nafngiftina): véla- og vélgæslufólk, bændur og fiskimenn, þjónustu- og verslunar fólk sem og skrifstofufólk hafi ekki lokið formlegu skólanámi umfram grunnskóla. Hér ber vissulega að hafa í huga að segja má að sum starfssviðin séu skilgreind með tilliti til menntunar og því er ekki langt í hringkilgreiningu þegar menntun er skoðuð eftir þessari flokkun starfgreina.

⁶ Á myndinni er hlutfall grunnskólamenntaðra látið ráða röð atvinnugreina og starfsstétta.



Mynd 3.1.6 Hlutfall 25-64 ára fólks með tiltekna menntun eftir starfsstétt



Mynd 3.1.7 Hlutfall 25-64 ára fólks með tiltekna menntun eftir búsetu


Mynd 3.1.7 sýnir menntun fólks á aldrinum 25-64 ára eftir búsetu. Myndin sýnir að menntun er nokkuð mismunandi eftir búsetusvæðum; mynstrið er svo ólíkt að það hlýtur að vekja til umhugsunar, bæði um hvað veldur og hvort hið opinbera hafi hlutverki að gegna að leiðrétta þennan mun. Myndin sýnir meðal annars að hlutfall háskólamenntaðra er mun hærra á höfuðborgarsvæðinu en annarsstaðar á landinu og sömuleiðis er þar einna lægst hlutfall þeirra sem hafa stystu formlegu skólagönguna

3.2 STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR - HÓPURINN MEÐ STYSTU MENNTUNINA

Mikilvægt er að gera grein fyrir því hvernig sá hópur er samsettur sem hefur hvað stystu formlegu skólagönguna. Á mynd 3.2.1 má sjá samsetningu þessa hóps með tilliti til kyns, aldurs, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinar, starfsstéttar, búsetu og svæði símenntunarmiðstöðva. Eins og myndin sýnir eru konur á aldrinum 25-64 ára mun fleiri í þeim hópi en karlar á sama aldri, eða um þriðjungur kvenna (35%) og fjórðungur karla (26%). Eins og fyrr var rætt fer hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskóla lækkandi og er því hæst í elstu hópunum. Eins og myndin sýnir er hlutfallið svipað á aldursbilinu 25-54 ára. Þá er hlutfallið mun lægra meðal þeirra sem eru starfandi (28%) heldur en þeirra sem eru utan vinnumarkaðar (50%). Vert er að hafa í huga að ákveðinn hópur þeirra sem ekki hafa lokið formlegum prófgráðum umfram grunnskóla hafa samt sem áður lokið lengri starfstengdum námskeiðum. Hér er átt við námskeið sem eru 100 klukkustundir eða lengri starfsréttindanámskeið eða til að undirbúa undir starf. Þessi námskeið eru ekki á vegum skólakerfisins. Um er að ræða námskeið s.s. tölvu-, skrifstofu- og verslunarnámskeið, námskeið til meiraprófs eða réttinda á þungavinnuvélar, námskeið fyrir verðandi stuðningsfulltrúa og dagmæður og fiskvinnslunámskeið svo eitthvað sé nefnt. Ríflega þriðjungur grunnskólamenntaðra karla (37%, ±5%) og ríflega fjórðungur (28%, ±6%) kvenna á aldrinum 25-64 ára hafði lokið slíku námskeiði. Miðað við hvað er rætt um litla aðsókn pílta að skólakerfinu og lítinn áhuga á svonefndum styttri námsbrautum þá eru þetta merkilegar tölur. Það er áhugavert hve margir svara því til að þeir hafi lokið styttri námskeiðum, sem eru ekki flokkuð innan skólakerfisins.

Meðal starfsfólks í fiskvinnslu, fiskveiðum og landbúnaði er hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhalds- eða háskólastigi hvað hæst (42-57%) en hvað lægst í atvinnugreinum sem tengjast fræðslustarfsemi, fasteignaviðskiptum og ýmissri þjónustu, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og opinberri stjórnsýslu (sjá mynd 3.2.1). Þá er hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram skólagöngu hæst meðal ósérhæfðra, véla- og vélgæslufólks, bænda og fiskimanna, þjónustu- og verslunarfólks sem og skrifstofufólks. Sömuleiðis sýnir mynd 3.2.1 að hlutfallið er almennt mun hærra úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu, einnig þegar farið er eftir skilgreiningu svæða símenntunarmiðstöðva (sjá skiptingu efst á mynd 3.2.1).


Það er tilefni til að staldra við mynd 3.2.1 til þess að átta sig á því hve misjafnt menntun er skipt eftir atvinnugreinum, starfsstéttum og búsetu, en þessir þættir tengjast að vísu saman. Lykilspurningin er þessi: getur hið opinbera stuðlað að eða hvatt til þess að þeir hópar sem hafa minnsta menntunina vilji og umframt allt geti bætt astöðu sína?



Mynd 3.2.1 Hlutfall þeirra sem höfðu ekki lokið námi umfram grunnskóla; skipt eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugrein, starfsstétt, búsetu og svæði símenntunarmiðstöðva. Bakgrunnsgreining miðast við aldurs-
hópinn 25-64 ára

3.3 STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR – SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Eins og fram kom í kafla 2, um aðferð rannsóknarinnar, er vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands samfelld könnun og nær yfir allar vikur ársins. Hér hafa niðurstöður um formlega menntun 25-64 ára verið teknar saman fyrir árin 2003 til 2005. Eins og sjá má er dreifing menntunar sú sama öll árin. Tæplega þriðjungur hópsins á aldrarsbilinu 25-64 ára hefur ekki lokið námi umfram grunnskólanám, um 40% hefur lokið námi á framhaldsskólastigi og tæpur þriðjungur námi á háskólastigi.



Mynd 3.3.1 Hlutfall 25-64 ára fólks með tiltekna menntun eftir ári rannsóknar

Á þessu stutta árabili hefur dreifing formlegrar menntunar því ekki breyst og segja má að stöðugleikinn í mynstrinu milli ára staðfesti áreiðanleika gagnanna. Þetta litla niðurbrot gagnanna gefur ekki sértakt tilefni til frekari samanburðar á stöðu formlegrar menntunar á þessu árabili.

3.4 STAÐA FORMLEGRAR MENNTUNAR – SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Í þessari könnun kemur fram það sem almennt er þekkt að um 30% fólks á aldrinum 25-64 ára hefur ekki lokið námi umfram grunnskóla. Sumir hinna yngri munu ljúka slíku námi innan tíðar, einkum konurnar. Hlutfall karla sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskóla virðist hafa staðið í stað. Konur hafa á hinn bóginn jafnt og þétt sótt í sig veðrið og sækja sér sífellt meiri menntun og hlutfall kvenna sem ekki hafa lokið formlegu námi er komið niður undir 20%, hjá þeim aldurshópi sem hefur mest sótt sér menntun eftir að grunnskóla lauk. Það gildir hins vegar bæði um karla og konur að sum þeirra ljúka framhaldsskólanámi nokkuð seint eins og sést til að mynda á því að yfir 40% 20-24 ára hafa ekki lokið framhaldsskóla en um þriðjungur 25-29 ára.

Svo virðist sem ekki hafi orðið veruleg breyting á hlutfalli kvenna sem útskrifast með starfsmenntun á framhaldsskólastigi, en um 15% kvenna hafa um langan aldur lokið námi sem flokkast sem starfsmenntun. Hins vegar virðist hlutfall karla sem lýkur starfsnámi á framhaldsskólastigi vera á hægu en mjög greinilegu undanhaldi og er það af sem áður var að um 40% karla lyki slíku námi.

Sókn kvenna í háskólanám hefur aukist mikið, sem helgast annarsvegar af því að þær sækja almennt meira í allar greinar langskólanáms, en hins vegar af því að margar þeirra greina sem þær hafa sótt mjög í um langt skeið hafa færst á háskólastig. Hlutfall kvenna í þeim aldurshópi þar sem hlutfallslega flestar hafa lokið námi á háskólastigi nálgast nú 50% og allt bendir til að það stefni áfram upp á við. Sókn karla í háskólanaám hefur á hinn bóginn aukist mun hægar og það hefur tekið þá langan tíma að ná 30% markinu.

Menntunaraástanda vinnuafsisins er mjög ólík eftir atvinnugreinum. Hlutfallslega flestir eru með hvað stystu menntunina í atvinnugreinum sem tengjast fiskvinnslu, fiskveiðum og landbúnaði. Hins vegar eru hlutfallslega flestir háskólamenntaðir í atvinnugreinum sem tengjast fræðslu- starfsemi, fasteignaviðskiptum og margvíslegri þjónustu, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og opinberri þjónustu. Þetta er vitanlega vel þekkt staðreynd, en erfiðara að gera sér grein fyrir því hvort hún kalli á einhver sérstök viðbrögð.

Hlutfallslega flestir meðal sérfræðinga, stjórnenda og embættismanna sem og sérmenntaðs starfsfólks er háskólamenntaðir. Ósérhæfðir, véla- og vélgæslufólk, bændur og fiskimenn, þjónustu- og verslunarfólk sem og skrifstofufólks hafa á hinn bóginn flest ekki lokið formlegu skólanámi umfram grunnskóla.

Þá sýna niðurstöður að staða formlegrar skólagöngu er nokkuð ólík eftir búsetu. Þar ber hæst munurinn á höfuðborgarsvæðinu og öðrum landshlutum, en á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall háskólagenginna mun hærra en annarsstaðar á landinu og hlutfall þeirra sem hafa hvað stystu formlegu menntunina er að sama skapi hvað lægst á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar samsetning hópsins með hvað stystu formlegu skólagönguna er skoðuð má sjá að mun fleiri konur en karlar tilheyra þeim hópi. Hlutfallið er sömuleiðis mun hærra meðal þeirra sem eru á sextugs og sjötugsaldri og meðal þeirra sem eru utan vinnuþrengingar. Eins og fyrr greinir hefur starfsfólk í fiskvinnslu, fiskveiðum og landbúnaði síður lokið námi á framhalds- eða háskólastigi en starfsfólk í öðrum atvinnugreinum, sem og starfsfólk í starfstéttum ósérhæfðra, véla- og vélgæslufólks, bænda og fiskimanna, þjónustu- og verslunarfólk og skrifstofufólks. Hlutfallið er sömuleiðis almennt hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Samanburður á milli ára 2003-2005 sýnir enga breytingu á stöðu formlegrar menntunar, tæpur þriðjungur 25-64 ára eru grunnskólamenntaðir, um 40% framhaldsskólamenntaðir og rétt innan við þriðjungur háskólamenntaðir.

4 ÞÁTTAKA Í FORMLEGRÍ MENNTUN

Í könnuninni 2003 var bæði spurt hvort viðkomandi hefði verið skráður í skóla eða á námssamningi a) á síðustu 12 mánuðum og b) á síðustu 4 vikum frá þeim tímapunkti er spurt var. Hér er átt við menntun innan opinbera skólakerfisins. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir samsetningu þess hóps sem var skráður í formlega skólakerfið. Niðurstöður verða einnig bornar saman við sambærilegar upplýsingar frá Evrópusambandinu. Þá verður sérstaklega gerð grein fyrir þátttöku þeirra sem hafa hvað stystu skólagönguna, auk þess sem þátttakan verður borin saman milli ára.

4.1 ÞÁTTAKA Í OPINBERA SKÓLAKERFINU Á ÍSLANDI

Þátttaka í opinbera skólakerfinu eftir bakgrunnspáttum

Tæplega fjórðungur (23%) fólks á aldrinum 16-74 ára var skráður í skóla eða á námsamningi síðustu 12 mánuðina fyrir könnunina. Af þeim voru tveir af hverjum þremur (67%) skráðir í skóla eða á námsamningi á síðustu 4 vikum. Þátttakan í aldurshópnum 25-64 ára var hins vegar 13% á síðustu 12 mánuðum (sjá mynd 4.1.1 og töflu B í viðauka), sem er mun áhugaverðari tala því þá er verið að kanna hópinn sem samkvæmt hefðinni er yfir skólaaldri.

Af þeim 25-64 ára sem voru skráðir í skóla á síðustu 12 mánuðum voru langflestir skráðir í háskólanám, eða um 71%, en um 16% voru skráð í starfsnám á framhaldsskólastigi og um 13% stunduðu bóklegt nám á framhaldsskólastigi.

Mynd 4.1.1 og tafla B í viðauka sýna nánari skiptingu hópsins eftir bakgrunnspáttum og fjöldatölur. Bakgrunnsgreiningin miðast við aldurshópinn 25-64 ára.

Eins og sjá má var mun algengara að konur (17%) en karlar (9%) á aldrinum 25-64 ára væru skráðar í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum.⁷


Sömuleiðis var mikill munur eftir aldurshópum.⁸ Hlutfall þeirra sem voru skráðir í formlega skólakerfið á síðustu 12 mánuðum var hæst í yngstu hópnum en fór ört lækkandi eftir því sem fólk var eldra. Eins og fram kemur á mynd 4.1.1 voru um 9 af hverjum 10 ungmennum (86%) á aldrinum 16-19 ára skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum og um 7 af hverjum 10 (69%) á aldrinum 20-24 ára. Hlutfallið lækkar síðan mikið eftir 24 ára aldurinn. Það er athyglisvert að fjórðungur allra í aldurshópnum 25-34 ára er skráður í skóla og sömuleiðis einn af hverjum tíu í hópnum 35-44 ára. Þátttökuhlutfallið í elstu hópnum er lægra, en þátttaka er þó til staðar.

Þátttaka í formlega menntakerfinu var einnig mismunandi eftir fyrri menntun fólks.⁹ Þegar aldurshópurinn 25-64 ára er skoðaður kemur í ljós að hlutfallslega mun fleiri í hópi þeirra sem voru með bóklega menntun á framhaldsskólastigi (22%) eða háskólamenntun (17%) voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum en meðal þeirra sem höfðu eingöngu lokið grunnskólaprófi (7%) eða höfðu starfsmenntun (9%).

⁷ $\chi^2(1)=23,5$, $p<0,05$.

⁸ $\chi^2(6)=1051,04$, $p<0,05$.

⁹ $\chi^2(3)=52,91$, $p<0,05$.



Mynd 4.1.1 Hlutfall þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir kyni, aldri, menntun, stöðu á vinnumarkaði og skólastigi. Bakgrunnsgreining miðast við aldurshópið 25-64 ára

Allar þessar tölur eru áhugaverðar, hver á sinn hátt. Það að ríflega fimmtungur fólks með bóklegt framhaldsskólapróf (stúdentspróf) sé skráð í skóla eftir 25 ára aldur sýnir talsverðan sveigjanleika bæði skólakerfisins og vinnuafsisins. Á hinn bóginn er athyglisvert að hátt í fimmtungur þeirra sem þegar hafa háskólapróf eru að bæta við sig formlegu námi sem undirstrikar að háskólanámið er að lengjast. Þátttaka háskólamenntaðra í formlega menntakerfinu er meira en tvöföld á við þátttöku þeirra sem hafa stystu formlegu skólagönguna að baki og ljóst er að þeir sem hafa hvað stysta formlega skólagöngu eru einnig hvað síst að sækja sér formlega menntun á fullorðinsárum. Nú gæti verið að mynstrið í námskeiðssókn og annarri óformlegri menntun sé annað, en hvað hina formlegu skólagöngu varðar þá er bilið stöðugt að breikka milli þeirra sem hafa stysta og lengsta skólagöngu að baki.

Sömuleiðis kemur fram á mynd 4.1.1 að þátttaka í formlega skólakerfinu var hlutfallslega mest meðal þeirra sem voru utan vinnumarkaðar¹⁰, sem er eins og vænta mátti, því stór hluti þeirra sem eru í skóla eru ekki í annarri vinnu. Tæplega þriðjungur þeirra sem voru utan vinnumarkaðar voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi á síðustu 12 mánuðum en hið sama gilti um 14% þeirra sem voru skráðir atvinnulausir, sem er lítill hópur og um 11% þeirra sem voru starfandi.

En hvaða hópar eru í skóla? Á mynd 4.1.2 má sjá hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum, skipt eftir atvinnugrein, starfsstétt, búsetu, svæði símenntunarmiðstöðvar og skólastigi. Eins og myndin gefur til kynna var nokkur munur


¹⁰ $\chi^2(2)=45,92, p<0,05$.

á þátttöku í formlega skólakerfinu eftir atvinnugreinum¹¹ (sjá einnig töflu B í viðauka). Þannig var þátttakan hvað mest, eða á bilinu 15-17% meðal starfsfólks í atvinnugreinunum sem heyra undir hótél og veitingahús, fræðslustarfsemi, fjármálaþjónustu og opinbera stjórnsýslu og á bilinu 13-14% meðal starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, annarri þjónustu og menningarstarfssemi, samgöngum og fjarskiptum sem og fasteignaviðskipum og ýmissri þjónustu. Það á við um nær allar þessar greinar að lang algengast er að fólk sé að sækja sér nám á háskólastigi (sjá mynd 4.1.2). Þátttaka í formlega skólakerfinu var hins vegar heldur minni meðal starfsfólks í fiskvinnslu, fiskveiðum, mannvirkjagerð, verslun og viðgerðum sem og í öðrum iðnaði, eða á bilinu 6-9% en lægst meðal starfsfólks í landbúnaði (3%) og meðal starfsfólks sem sinnti veitustarfsemi (0%).

Athygli vekur að sérfræðingar voru í meira mæli þátttakendur í formlega skólakerfinu en aðrar starfsstéttir, en 17% þeirra voru skráðir í skóla á síðustu 12 mánuðum (sjá töflu B í viðauka)¹². Á bilinu 10-13% stjórnenda og embættismanna, sérmenntaðs starfsfólks, skrifstofufólks, þjónustu- og verslunarfólks sem og ósérhæfðra sótti formlegt nám á síðustu 12 mánuðum en það sama gilti um einungis 3-6% bænda og fiskimanna, iðnaðarmanna og véla- og vélgæslufólks. Eins og fram kemur á mynd 4.1.2 eru flestir þeirra sem tilheyra fyrrnefndum starfsgreinum og eru að sækja sér meira formlegt nám skráðir í nám á háskólastigi.

¹¹ $\chi^2(14)=24,86$, $p<0,05$.

¹² $\chi^2(8)=25,99$, $p<0,05$.




Mynd 4.1.2 Hlutfall þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir atvinnugrein, starfsstétt, búsetu, svæði símenntunarmiðstöðva og skólastigi. Bakgrunnsgreining miðast við aldurshópinn 25-64 ára¹³

¹³ Á myndinni er samanlagt hlutfall þeirra sem skráðir eru í nám látið ráða röð atvinnugreina og starfsstétta. Sömuleiðis ber að hafa í huga að samanlagt hlutfall þeirra sem eru skráðir í nám (nám á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi) er stundum heldur lægra en í töflu B í viðauka og skýrist það af því að einhverjir svarenda gáfu ekki upp á hvaða skólastigi þeir stunduðu nám.

Nokkur munur var á hlutfalli í aldurshópnum 25-64 ára sem var skráður í formlega menntakerfið á síðustu 12 mánuðum eftir landshlutum (sjá töflu B í viðauka).¹⁴ Skipting eftir svæðum símenntunarstöðva segir einnig svipaða sögu. Þannig var mun algengara á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar að fólk væri skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum, en á bilinu 14-17% höfuðborgarbúa var skráður í formlegt nám á tímabilinu. Það sama gildi hins vegar um einungis 6-10% íbúa annarra landshluta. Eins og fram kemur á mynd 4.1.2 er algengast að fólk sé skráð í háskólanám en annað skólanám í öllum landshlutum, að Reykjanesi, Suðurlandi og Austurlandi undanskildu, en þar er hlutfall þeirra sem eru skráðir í nám á háskólastigi eða nám á lægri skólastigum nokkuð jafnt.

Þátttaka eftir aldri og skólastigi

Í ljósi þess að tæplega fjórðungur fólks á aldrinum 16-74 ár var skráður í formlegt nám á síðustu 12 mánuðum er áhugavert að skoða nánar á hvaða skólastigi þessi hópur var skráður.



Mynd 4.1.3 Skipting 16-64 ára fólks sem var skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum eftir aldri og skólastigi þess náms sem það var skráð í.


Hér má undirstrika að myndin sýnir aðeins þá sem skráðir eru í skóla (sjá einnig mynd 4.3.2). Mynd 4.1.3 sýnir skiptingu þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum eftir aldri og því skólastigi sem þeir voru skráðir í. Eins og gefur að skilja voru langflestir í yngsta hópnum (16-19 ára), eða ríflega 8 af hverjum 10, skráðir í nám á framhaldsskólastigi og þar af voru langflestir skráðir í bóklegt nám á framhaldsskólastigi. Meðal 20-24 ára var helmingur skráður í nám á framhaldsskólastigi og um helmingur í nám á háskólastigi.

¹⁴ $\chi^2(8)=29,0$, $p<0,05$.

Meðal 25 ára og eldri var hins vegar algengast að fólk væri skráð í háskólanám, þótt einnig væri nokkuð um að fólk á aldrinum 25-34 ára væri skráð í nám á framhaldsskólastigi. Myndin er að sumu leyti athyglisverð. Í fyrsta lagi sýnir hún hve vægi starfsmenntunar er lítið í yngsta hópnum, en hlutfallslegur styrkur þess vex eilítið eftir 24 ára aldur miðað við bóknámið í framhaldsskóla. Að vísu á þetta ekki við um hópinn 35-44 ára og jafnframt verður að hafa í huga að þetta eru hlutfallstölur og hóparnir sem eru skráðir eru í heild sinni frekar fámennir. Í öðru lagi sýnir hún hve starfsnámið er hlutfallslega á móta sterkt (eða veikt) meðal þeirra sem sækja skóla óháð aldri. Hlutur þess meðal þeirra sem eru skráðir í skóla breytist ekki svo eftir aldri. Jafnframt má sjá að stúdentsnámið (almenna bóknámið á framhaldsskólastigi) á sinn skerf langt fram eftir aldurstiganum. Sjá mynd 4.3.2 til samanburðar.

Þátttaka eftir aldri og kyni

Það er áhugavert að bera saman þátttöku karla og kvenna í formlega skólakerfinu í mismunandi aldurshópum. Mynd 4.1.4 sýnir hlutfall þeirra sem skráðir voru í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum eftir aldri og kyni þeirra. Það virðist fara bæði eftir aldri og kyni hvort fólk hefur tekið þátt í formlega skólakerfinu á síðustu 12 mánuðum.




Mynd 4.1.4 Hlutfall þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir aldri og kyni

Eftir því sem fólk er yngra því líklegra er að það hafi verið skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Svo virðist sem konur séu líklegri en karlar til að hafa tekið þátt, einkum meðal eldri hópanna, þótt ekki sé munurinn tölfræðilega marktækur í öllum hópunum. Ríflega tvöfalt fleiri konur en karlar voru skráðir í skóla á aldrinum 35-64 ára en einungis 3-10 prósentustigum fleiri í yngri aldurshópunum (16-34 ára).

Þátttaka eftir fyrri menntun og kyni

Á mynd 4.1.5 má sjá þátttöku fólks á aldrinum 25-64 ára í formlega skólakerfinu síðustu 12 mánuði eftir fyrri menntun og kyni. Niðurstöður sýna að það fer bæði eftir fyrri menntun og

kyni hvort fólk hefur tekið þátt í formlega skólakerfinu á síðustu 12 mánuðum. Þeir sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi eru heldur líklegri til vera skráðir í skóla eða á námssamningi síðustu 12 mánuði, en þeir sem hafa ekki lokið námi umfram grunnskóla eða hafa lokið starfsnámi. Hið sama á við um háskólamenntaðar konur. Þátttakan er auk þess kynbundin því hlutfall háskólamenntaðra kvenna sem hafa verið skráðar í skóla er mun hærra en meðal háskólamenntaðra karla, en ekki er tölfræðilega marktækur munur á þátttökuhlutfalli karla og kvenna í hinum menntahópunum.



Mynd 4.1.5 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir fyrri menntun og kyni

Þessar niðurstöður vekja einkum athygli á eftirfarandi: Í fyrsta lagi er hlutfall þeirra fremur lágt sem ekki hafa lokið neinu námi umfram grunnskóla og eru skráðir í skóla. Það virðist því sem almennt séu þeir sem hafa hvað stystu skólagönguna hvað síst að bæta við sig formlegri menntun. Þetta vekur upp spurningar um að hvaða marki þessi sami hópur sé að bæta við sig þekkingu og menntun sem ekki fellur undir hið formlega skólakerfi, þ.e.a.s. að bæta sér upp stutta skólagöngu með námskeiðum (sjá kafla 5.1 og myndir 5.1.3 og 5.1.5).

Að sama skapi vekur athygli hve hátt hlutfall fólks, einkum kvenna, sem hefur þegar lokið háskólanámi er að bæta við sig frekara námi, einkum ef miðað er við hversu lágt hlutfall þeirra sem eru ekki með formlega menntun umfram grunnskólamenntun er að sækja sér menntun í formlega kerfinu. Fjórðungur háskólamenntaðra kvenna er skráður í formlegt nám.

Það er einnig áberandi og rökrétt að þeir sem hafa lokið starfsnámi eru í hópi þeirra sem eru hvað síst að bæta við sig frekara skólanámi. Það má færa fyrir því rök að starfsnám í framhaldsskóla sé eins konar endastöð og að skólakerfið geri ekki ráð fyrir að þeir sem ljúki því haldi áfram á formlegri menntabraut. Á hinn bóginn er viðleitni meðal sumra annarra þjóða að opna einmitt slíkar menntabrautir. Ekki er ljóst í hvaða mæli slíkar brautir eru opnar hér, en gögnin sýna að einkum þær konur sem hafa lokið starfsnámi eru ekki að bæta við sig formlegri menntun í eins miklum mæli og þær sem hafa lokið bóklegu námi á


framhaldsskólastigi eða háskólanámi. Hið sama gildir um ef bornir eru saman karlar með starfsmenntun eða bóklega menntun á framhaldsskólastigi.

Að síðustu er kynjamunurinn athyglisverður, einkum fyrir það að hann er mismikill eftir menntahópum. Það sem er einkum sláandi er að konur eru í mun meira mæli en karlar skráðar í framhalds- eða viðbótarnám í háskóla. Um fjórðungur kvenna sem þegar hefur lokið háskólaprófi er skráður í meira slíkt nám á þessu eina ári. Það bendir til þess að konur séu farnar að líta á tvær háskólagráður (fimm ára nám) sem hið eðlilega viðmið.

Þátttaka eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Skiptingu mannfjöldans eftir stöðu á vinnumarkaði má sjá í töflu A í viðauka. Eins og sú tafla sýnir voru um 9 af hverjum 10 (89,2%) í aldurshópnum 25-64 ára starfandi, um 9% töldust utan vinnumarkaðar og um 2% voru atvinnulausir.

Mynd 4.1.6 sýnir þátttökuhlutfall í formlega skólakerfinu á síðustu 12 mánuðum eftir stöðu á vinnumarkaði. Hlutfallslega mun fleiri utan vinnumarkaðar voru skráðir í formlega skólakerfið en meðal þeirra sem voru starfandi. Þá vekur athygli að um helmingi fleiri starfandi kvenna en karla voru skráðar í skóla. Meðal atvinnulausra voru einungis konur skráðar í formlegt nám, en eins og áður kom fram eru atvinnulausir einungis um 2% í þessum hópi.




Mynd 4.1.6 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Þátttaka eftir atvinnugrein og kyni

Eins og áður hefur komið fram var þátttaka í formlega skólakerfinu einnig mismunandi eftir atvinnugrein. Sömuleiðis virðist þátttaka karla og kvenna vera nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það séu vikmörk hlutfalla skoðuð. Mynd 4.1.7 sýnir hlutfall þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum skipt eftir atvinnugrein og kyni. Eins og fram kom á mynd 4.1.2 fyrr í þessum kafla er almennt

mun algengara að fólk sé skráð í háskólanám en í nám á lægri stigum í þeim atvinnugreinum þar sem hvað flestir eru að sækja sér meira formlegt nám.

Þegar niðurstöður á mynd 4.1.7 eru skoðaðar er einkum tvennt sem vekur athygli: Í fyrsta lagi er þátttaka í formlega skólakerfinu misjöfn eftir greinum. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort atvinnustig eða starfshættir sumra atvinnugreina einkennist af ómenntuðu vinnuafli og þar af leiðandi hafi skapast vinnulag sem ekki krefst menntunar. Eins og fram kemur á mynd 3.1.5 er menntunarstaða mismunandi eftir atvinnugreinum. Þannig er hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskólanám hvað hæst í atvinnugreinum sem tengjast fiskvinnslu, fiskveiðum, hótelum og veitingahúsum sem og verslun og viðgerðum. Í þessum sömu atvinnugreinum eru einnig hvað fæstir að sækja sér formlegt nám, ef undan eru skildar atvinnugreinar sem falla undir hótél og veitingahús, en þar er þátttökuhlutfallið hvað hæst af öllum atvinnugreinum, eða um 17% (sjá mynd 4.1.7).




Mynd 4.1.7 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir atvinnugrein og kyni

Í öðru lagi vekur athygli að þátttaka í formlega menntakerfinu virðist vera kynbundnari í sumum atvinnugreinum en öðrum. Þannig virðist munur á þátttöku karla og kvenna vera meiri í atvinnugreinum eins og opinberri stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, annarri þjónustu og

menningarstarfsemi og öðrum iðnaði heldur en í öðrum atvinnugreinum.¹⁵ Að sama skapi má velta því fyrir sér hvers vegna kynjamunur kemur ekki einnig fram í öðrum greinum.

Þátttaka eftir starfsstétt og kyni

Þátttaka í formlega menntakerfinu var mismunandi eftir starfsstétt. Einnig má gera því skóna að þátttaka karla og kvenna sé mis mikil eftir starfsstéttum, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það ef skoðuð eru vikmörk hlutfallanna. Mynd 4.1.8 sýnir hlutfall þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum skipt eftir starfsstétt og kyni.



Mynd 4.1.8 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir starfsgrein og kyni


Eins og sjá má virðist munurinn á þátttökuhlutfalli kvenna og karla í formlega skólakerfinu hvað mestur meðal starfsstétta eins og sérfræðinga, stjórnenda og embættismanna, skrifstofufólks og véla- og vélgæslufólks, en hærra hlutfall kvenna en karla sem tók þátt í könnuninni og var í þessum starfsstéttum var skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Hins vegar var þessu öfugt farið meðal ósérhæfðra en þar voru hlutfallslega fleiri karlar (17%) en konur (9%) skráðir í formlega skólakerfið á tímabilinu. Það mætti hugsa sér að þessi kynjamunur væri í að einhverju leyti stéttbundinn, en niðurstöður samkvæmt mynd

¹⁵ Hafa skal í huga að fjöldi svarenda er mjög mismunandi eftir atvinnugreinum, enda eru atvinnugreinar mis fjölmennar. Hugsanleg skekkja í hlutföllum helgast meðal annars af fjölda svarenda sem liggja að baki mismunandi atvinnugreinum. Sömuleiðis skal vakin athygli á því að efstu súlurnar fyrir hverja atvinnugrein gefa til kynna hlutfall þátttakenda í formlega skólakerfinu óháð kyni. Sú súla (karla eða kvenna) sem er sambærilegri efstu súlunni fyrir tiltekna atvinnugrein gefur til kynna að það kyn sé fjölmennara í greininni og vegi þar af leiðandi meira í heildarhlutfallinu.

4.1.8 benda þó ekki til þess að mynstrið sé skýrt í þessu efni. Muninn á þáttökuhlutfalli karla og kvenna virðist vera bæði að finna í röðum stjórnenda, sérfræðinga og almenns starfsfólks. Þó skera ósérhæfðir sig úr að því leyti til að þar virðist þátttaka karla vera meiri en kvenna. Sömuleiðis er ástæða til þess að halda því til haga að þátttakan er hvað minnst í hefðbundnum karlastörfum 20. aldarinnar, bænda, sjómanna og iðnaðarmann, en þau virðist gefa minnst tilefni til þess að halda áfram skólagöngu. Þetta virðist vera í samræmi við bæði skólakerfið almennt en þó ekki síður kröfur til starfanna sjálfra. Skólakerfið hefur ekki breyst mikið hvað varðar hinar hefðbundnu iðngreinar, sem eru að stórum hluta karlagreinar, á meðan starfsmenntun kvenna hefur flust verulega til í skólakerfinu á undanförunum áratugum.

Þátttaka eftir búsetu og kyni

Á mynd 4.1.9 má sjá þáttöku karla og kvenna í formlega skólakerfinu á síðustu 12 mánuðum eftir landshlutum. Eins og áður hefur komið fram var þátttakan almennt meiri á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum.



Mynd 4.1.9 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir búsetu og kyni

Ef mynd 4.1.9 er skoðuð má gera því skóna að hugsanlega sé þáttökuhlutfall karla og kvenna sé nokkuð mismunandi eftir landshlutum, þótt ekki sé um að ræða tölfærðilega

marktækan mun samkvæmt þeim vikmörkum sem koma fram á myndinni. Samkvæmt niðurstöðum voru um helmingi fleiri konur en karlar skráðar í nám eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum á höfuðborgarsvæðinu (22% kvenna á móti 13% karla) og á Austurlandi (13% á móti 7%). Svo virðist sem munurinn sé meiri á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Suðurlandi en í þessum landshlutum var þátttaka kvenna á aldrinum 25-64 ára um þreföld á við karla á sama aldri.


Niðurstöður þessarar rannsóknar staðfesta það sem áður hefur komið fram að skólasókn sé meiri meðal höfuðborgarbúa en annarra landsmanna. Á því eru líklegast margar skýringar, ekki síst sú að flestir skólarnir eru á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars háskólarnir. Vera má að sumir sem eiga rætur á landsbyggðinni flytji búsetu sína af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins þegar þeir hefja nám sitt í Reykjavík. Svo virðist sem kynjamunurinn sé einnig alls staðar með sama hætti, þ.e. konur frekar skráðar í skóla en karlar, en hugsanlega meiri á landsbyggðinni. Hafa ber í huga að hér er til skoðunar sókn fólks í hefðbundið nám. Mynstrið verður síðan allt annað þegar skoðuð er önnur fræðsla en sú sem bundin er hefðbundnu skólastarfi.

4.2 ÞÁTTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU – SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR EVRÓPUÞJÓÐIR

Eins og að framan er getið þá eru þessi gögn byggð á könnunum Hagstofunnar sem voru að hluta til stilltar að sameiginlegum evrópskum viðmiðum. Það er því sérstaklega fróðlegt að sjá hvernig niðurstöðum könnunarinnar ber saman við niðurtöður annarra Evrópuþjóða. Í stuttu máli sagt þá virðist þátttaka í formlega skólakerfinu hér á landi vera með því mesta sem gerist, hvernig sem á hlutina er litið. Það ber þó að hafa í huga að hér er athyglinni beint að aldurshópnum 25-64 ára en í sumum nágrannalöndum okkar hefur stærri hluti aldurshópsins lokið einhverju framhaldsskólanámi en hér á landi. Jafnframt er það mynstur sem gert hefur verið grein fyrir (og sjá má í eftirfarandi umfjöllun) í öllum megindráttum svipað því sem er að finna í nágrannalöndum okkar. Á hinn bóginn er í einstaka tilvikum að finna frávik sem eru áhugaverð, þótt þau séu í fæstum tilvikum mjög mikil.

Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir

Mynd 4.2.1 sýnir hlutfall 25-64 ára karla og kvenna í mismunandi löndum Evrópu sem voru skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Eins og sjá má á myndinni er hlutfall þeirra sem eru skráðir í formlegt nám hvað hæst í þessum aldurshópi á Íslandi og í Svíþjóð. Hin Norðurlöndin, að Noregi undanskildum, eru sömuleiðis í hópi þeirra sem eru með hvað mesta þátttöku í formlega skólakerfinu í þessum aldurshópi, auk Bretlands og Hollands.




Mynd 4.2.1 Hlutfall 25-64 ára Evrópubúa sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir landi og kyni

Samanburður við Norðurlönd og Bretland

Þar sem algengt er að við berum okkur saman við hin Norðurlöndin og Bretland í hinum ýmsu velferðar- og menntamálum er vert að skoða hvernig samsetning þess hóps fullorðinna, sem er í formlegu námi á Íslandi er, samanborið við þessar tilteknu þjóðir.


Eins og sjá má á mynd 4.2.2 svipar okkur mest til Svíþjóðar hvað varðar aldurssamsetningu þess hóps sem eru þátttakendur í formlega skólakerfinu. Danmörk og Finnland eru ekki langt frá þessu mynstri þótt hlutföllin séu lægri. Aldurssamsetning þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi er hins vegar sambærileg í Bretlandi og Noregi, þótt þátttakan sé hlut-

fallslega minni í Noregi en í Bretlandi. Bretland og Noregur skera sig frá hinum þjóðunum að því leytnu til að hlutfall þátttöku í formlega skólakerfinu er mun minni í yngsta hópnum, þ.e. aldurshópnum 25-34 ára. Þannig voru á bilinu 6-13% 25-34 ára Breta og Norðmanna skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum en 21-27% Svía, Íslendinga, Finna og Dana í sama aldurshópi.



Mynd 4.2.2 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum á Norðurlöndunum og í Bretlandi; skipt eftir landi og aldri


Þótt Íslendingar séu sambærilegir Svíum, Finnum og Dönnum hvað varðar aldurssamsetningu þátttakenda í formlegu námi í aldurshópnum 25-64 ára er forvitnilegt að átta sig á því hvort kynjaskipting í þátttökunni sé sambærileg eftir aldurshópum. Eins og sjá má á mynd 4.2.3 svipar Íslendingum mest til Svía þegar skoðuð er þátttaka í formlegu námi eftir aldri og kyni. Almenn viðist vera meiri kynjamunur í þátttöku í formlegu námi á Íslandi og í Svíþjóð samanborið við Danmörku og Finnland. Eins og sjá má voru um þriðjung til helmingi fleiri konur en karlar í öllum aldurshópnum skráðar í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum á Íslandi og í Svíþjóð. Kynjamunurinn eftir aldurshópum var hinsvegar alla jafna mun minni í Danmörku og Finnlandi. Það sem þó vekur mesta athygli og er ákveðin staðfesting á réttmæti þessa samanburðar er hve mynstrið er alls staðar svipað. Það eru ekki aðeins heildarniðurstöðurnar sem eru svipaðar heldur einnig það mynstur sem fram kemur milli kynja og aldurshópa, þótt sé munur á milli landa, sem sést einnig á þessum myndum og þeim sem koma hér á eftir. Þetta undirstrikar jafnframt hve langt er óhætt að ganga í því að horfa til erlendra gagna til þess að læra af þótt ekki séu alltaf til íslenskar rannsóknir.




Mynd 4.2.3 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum í fjórum Norðurlöndum; skipt eftir landi, aldri og kyni

Þegar þátttaka í formlegri menntun á Íslandi er borin saman við hin Norðurlöndin og Bretland eftir fyrri menntun fólks kemur í ljós að þátttakan var hlutfallslega mest meðal háskólamenntaðra í öllum þessum löndum og hvað minnst meðal þeirra sem eru með stystu skólagönguna. Greiningin miðast við aldurshópinn 25-64 ára (sjá mynd 4.2.4). Munurinn á þátttöku háskólamenntaðra og framhaldsskólamenntaðra er þó meiri í Svíþjóð og á Bretlandi en á Íslandi. Í Svíþjóð og Bretlandi eru nær tvöfalt fleiri meðal háskólamenntaðra þátttakendur í formlegu námi á síðustu 12 mánuðum en meðal framhaldsskólamenntaðar, en einungis munar þremur prósentustigum á þessum hópum á Íslandi. Sömuleiðis vekur athygli hversu jafnt þátttökuhlutfallið er í Danmörku eftir mismunandi menntahópum. Í Danmörku er þátttökuhlutfall háskólamenntaðra einungis þriðjungji hærra en grunnskólamenntaðra en munurinn á þessum hópum er mun meiri meðal hinna þjóðanna. Vandinn við þennan samanburð er þó sá að það kann að vera munur á því hvernig fólk er flokkað eftir skólastigum í þessum löndum.

Mynd 4.2.5 sýnir hlutfall þátttöku í formlegu námi á síðustu 12 mánuðum meðal 25-64 ára á Norðurlöndum og í Bretlandi eftir stöðu á vinnumarkaði. Á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð er þátttakan hvað mest meðal þeirra sem teljast utan vinnumarkaðar en í Noregi, Finnlandi og Bretlandi er hún mest meðal þeirra sem skráðir eru atvinnulausir.




Mynd 4.2.4 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum á Norðurlöndunum og í Bretlandi; skipt eftir landi og fyrri menntun



Mynd 4.2.5 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum á Norðurlöndunum og í Bretlandi; skipt eftir landi og stöðu á vinnumarkaði

Stuðull jafnaðar - Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir

Það má bera saman þátttöku meðal þjóða í formlega menntakerfinu eftir því hversu mikill jöfnuður er í þátttökunni eftir mismunandi hópum.¹⁶ Mynd 4.2.6 sýnir það sem hér er kallað stuðull jafnaðar, en hann gefur til kynna hversu mikill munur er á þátttöku mismunandi hópa í formlega skólakerfinu. Niðurstöður á mynd 4.2.6 gefa til kynna stuðull jafnaðar fyrir hvert land þar sem bornir hafa verið saman 8 hópar eftir aldri og kyni; fjórir aldurshópar karla annars vegar og kvenna hinsvegar (25-34 ára, 35-44 ára 45-54 ára og 55-64 ára). Borinn er saman sá hópur sem hefur hæsta þátttökuhlutfallið við þann sem hefur lægsta þátttökuhlutfallið, auk þess sem leiðrétt var fyrir þátttökuhlutfallið.



Mynd 4.2.6 Stuðull jafnaðar sem gefur til kynna mun á þeim tveimur hópum þar sem hlutfallslega flestir annarsvegar og færstir hinsvegar voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánum, að teknu tilliti til heildar þátttökuhlutfalls¹⁷

¹⁶ Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni (Jón Torfi Jónasson & Albert Tuijnman, 2001), en úfærslan hér er önnur.

¹⁷ Hóparnir voru skilgreindir út frá kyni og aldri, alls 8 hópar. Stuðullinn (SJ) tekur einnig tillit til heildar þátttökuhlutfalls í hverju landi. Eftir því sem hann er hærri því jafnara er þátttökuhlutfallið eftir aldri og kyni, að teknu tilliti til heildarþátttökuhlutfalls [$SJ = (\text{Max}/\text{Min}) * \text{þátttökuhlutfall}$]. Fyrst er reiknað hlutfall þeirra tveggja hópa sem taka minnstan og mestan þátt og það síðan margfaldað með


Eins og sjá má á mynd 4.2.6 trónir Ísland ásamt Bretlandi á toppnum hvað varðar jöfnuð og þátttöku í formlega skólakerfinu, en hlutfall mismunandi aldurshópa karla og kvenna (að teknu tilliti til heildarþátttökuhlutfalls) var hvað jafnast meðal þessara þjóða. Bæði á Íslandi og í Bretlandi var þátttakan hvað mest í hópi yngstu kvennanna (25-34 ára) og minnst meðal elstu karlanna (55-64 ára). Svíþjóð er sömuleiðis ofarlega í röðinni þegar kemur að jöfnuði í þátttöku eftir hópum. Þá má sjá að jöfnuður í þátttökunni að þessu leyti er enn minni bæði í Noregi, Finnlandi og Danmörku heldur en á hinum Norðurlöndunum, en sömu hópar tóku mestan og minnstan þátt, þ.e. yngstu konurnar tóku mestan þátt og elstu karlarnir minnstan.

4.3 ÞÁTTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU - HÓPURINN MEÐ STYSTU MENNTUNINA

Mikilvægt er að átta sig á því að hvaða marki sá hópur fólks sem hefur hvað minnsta formlega menntun er að sækja sér meiri menntun. Venjulega er þá miðað við þá sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskóla. Ef miðað er við aldursbilið 16-74 ára, þá hefur um 39% fólks ekki lokið námi innan formlega skólakerfisins umfram grunnskólanám. Hlutfallið er 31% ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára.

Á mynd 4.3.1 má sjá greiningu á þeim sem ekki höfðu lokið námi umfram grunnskólanám. Myndin sýnir hlutfall þeirra sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi síðustu 12 mánuði, eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði og búsetu. Eins og sjá má var ríflega fjórðungur (27%) fólks sem ekki hafði menntun umfram grunnskóla skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallið var hins vegar 7% ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára. Ekki var marktækur munur á þátttökuhlutfalli 25-64 ára grunnskólamenntaðra karla og kvenna.

meðalþátttökuhlutfalli landsins. Án þess að leiðrétta fyrir heildarþátttökuhlutfall landsins getur stuðullinn gefið villandi mynd. Þannig gæti til að mynda land sem er með litla sem enga þátttöku almennt komið betur út með tilliti til þess hversu jafnt hlutfallið er eftir hópum en land þar sem þátttakan væri almennt mikil ef þar skæri einn hópur sig verulega úr hvað þátttöku varðar. Landið þar sem þátttakan væri almennt mikil gæti því virst standa sig mun verr en það land þar sem þátttakan væri almennt lítil eða engin. Eftir því sem stuðullinn er hærri því jafnara er þátttökuhlutfallið eftir aldri og kyni, að teknu tilliti til heildarþátttökuhlutfalls landsins.




Mynd 4.3.1 Hlutfall þeirra sem höfðu ekki lokið námi umfram grunnskólanám sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir bakgrunnsþáttum. Bakgrunnsgreining miðast við aldurshópinn 25-64 ára

Á hinn bóginn er töluverður munur á þátttöku þessa hóps eftir aldri. Um 9 af hverjum 10 16-19 ára voru skráðir í formlega skólakerfið á síðustu 12 mánuðum, yfir helmingur (56%) 20-24 ára og 15% 25-34 ára. Einungis 6% 35-44 ára voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum og hlutfallið var heldur lægra í eldri hópunum.


Þátttaka 25-64 ára grunnskólamenntaðs fólks í formlega skólakerfinu var hlutfallslega mest meðal þeirra sem voru utan vinnumarkaðar. Eins og mynd 4.3.1 sýnir voru 16% þeirra sem voru utan vinnumarkaðar skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum en hið sama gildi um 4-5% þeirra sem voru skráðir atvinnulausir eða voru starfandi. Meðal þeirra sem höfðu hvað stystu formlegu skólagönguna var þátttaka í formlegu námi meiri meðal höfuðborgarbúa en landsbyggðarfólks.

Ef þátttaka þeirra sem hafa ekki lokið námi umfram grunnskóla er borin saman við þá hópa sem hafa aflað sér meiri menntunar þá má sjá að það hallar á þá sem eru með stystu menntunina í öllum aldurshópum. Eins og fram kemur á mynd 4.3.2 eru þeir sem ekki hafa þegar aflað sér menntunar umfram grunnskóla einnig hvað síst að bæta við sig formlegri menntun.



Mynd 4.3.2 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir fyrri menntun og aldri

Ef þátttaka þeirra sem hafa ekki lokið námi umfram grunnskóla er sömuleiðis borin saman við þá hópa sem hafa aflað sér meiri menntunar með tilliti til búsetu, þá má sjá að það hallar á þá sem eru með stystu menntunina bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi (sjá mynd 4.3.3).




Mynd 4.3.3 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir búsetu og fyrri menntun


4.4 ÞÁTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU – SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Samanburður milli árana 2003, 2004 og 2005 sýnir að þátttaka virðist hafa aukist milli árana 2003 og 2004, en öll þrjú árin voru þátttakendur spurðir að því hvort þeir hefðu verið skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 4 vikum. Mynd 4.4.1 gefur til kynna að kynjamunurinn í þátttöku í formlegu námi er sambærilegur á þessu stutta árabili, og á mynd 4.2.2. má sjá að munur á þátttöku eftir menntun er einnig sambærilegur milli ára.

Samanburður yfir þriggja ára tímabil, frá 2003 til 2005 gefur til kynna að þátttaka í formlega skólakerfinu hafi vaxið frá 2003 til 2004 og að aukningin sé að mestu óháð kyni og fyrri menntun.



Mynd 4.4.1 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 4 vikum; skipt eftir ári rannsóknar og kyni



Mynd 4.4.2 Hlutfall 25-64 ára sem voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 4 vikum; skipt eftir ári rannsóknar og menntun

4.5 ÞÁTTAKA Í FORMLEGA SKÓLAKERFINU – SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Almennar niðurstöður

Tæplega fjórðungur fólks á aldrinum 16-74 ára var skráður í skóla eða á námsamningi á síðustu 12 mánuðum en 13% ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára. Eins og gefur að skilja var skólasókn breytileg eftir aldri.

Mun fleiri konur en karlar sóttu sér formlega menntun. Í aldurshópnum 25-64 ára voru 17% kvenna en 9% karla skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Þennan mun virðist ekki síst megi rekja til þess hve duglegar konur eru að sækja sér háskólamenntun.

Þá kom fram munur á þátttöku 25-64 ára fólks í formlegu námi á síðustu 12 mánuðum eftir fyrri menntun. Mun fleiri í hópi þeirra sem voru með bóklega menntun á framhaldsskólastigi (22%) eða háskólamenntun (17%) voru skráðir í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum en meðal þeirra sem höfðu eingöngu lokið grunnskólaprófi (7%) eða höfðu starfsmenntun (9%). Þetta undirstrikar að bilið á milli hópanna heldur sífellt áfram að breikka, þannig að þeir sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram grunnskóla þegar 25 ára aldri er náð, eru síst líklegir að bæta við sig formlegri menntun.

Tæplega þriðjungur þeirra sem voru utan vinnumarkaðar voru skráðir í formlegt nám en hið sama gilti um einungis 14% atvinnulausra og 11% starfandi. Þessi munur kann að stafa af þeirri einföldu ástæðu að fólk sem er í skóla er ekki skráð á vinnumarkað.

Svo virðist sem þátttaka 25-64 ára í formlega skólakerfinu sé breytileg eftir atvinnugreinum. Þátttakan var hvað mest (15-17%) meðal starfsfólks í atvinnugreinum sem heyra undir hótél- og veitingahúsarekstur, fræðslustarfsemi, fjármálastarfsemi og opinbera stjórnsýslu og á bilinu 13-14% meðal starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, annarri þjónustu og menningarstarfsemi, samgöngum og fjarskiptum sem og fasteignaviðskiptum og ýmiskonar þjónustu. Einungis 6-9% starfsfólks í mannvirkjagerð, fiskveiðum, fiskvinnslu, verslun og viðgerðum og 3% starfsfólks í landbúnaði var skráð í formlegt nám á síðustu 12 mánuðum. Hér ber að hafa í huga að menntunarskaði í þessum atvinnugreinum er einnig mismunandi og má almennt segja að þær greinar þar sem þátttaka í formlegu námi er hvað minnst eru einnig þær greinar þar sem hlutfall þeirra sem einungis hafa lokið grunnskólanámi er hvað hæst.

Þá vekur athygli að 25-64 ára sérfræðingar voru í meira mæli þátttakendur í formlega skólakerfinu en aðrir á sama aldri, en 17% þeirra voru skráðir í skóla á síðustu 12 mánuðum. Það sama gilti hins vegar um 10-13% stjórnenda og embættismanna, sérmenntaðs starfsfólks, skrifstofufólks, þjónustu- og verslunarfólks sem og ósérhæfðra og um 3-6% bænda og fiskimanna, iðnaðarmanna og véla- og vélgæslufólks.

Nokkur munur var á hlutfalli í aldurshópnum 25-64 ára sem var skráður í formlega skólakerfið á síðustu 12 mánuðum eftir landshlutum. Mun algengara var á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar að fólk á aldrinum 25-64 ára væri skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Á bilinu 14-17% höfuðborgarbúa en 6-10% landsbyggðarfólks var skráð í formlegt nám á tímabilinu.

Eins og gefur að skilja voru langflestir í yngsta hópnum (16-19 ára), eða um 9 af hverjum 10, skráðir í nám á framhaldsskólastigi og þar af voru langflestir skráðir í bóklegt nám á framhaldsskólastigi. Meðal 20-24 ára var um helmingur skráður í nám á framhaldsskólastigi

og hinn helmingurinn í nám á háskólastigi. Meðal 25 ára og eldri var hins vegar algengast að fólk væri skráð í nám á háskólastigi, þótt einnig væri nokkuð um í öllum aldurshópum að fólk væri í námi á framhaldsskólastigi.

Ólík þátttaka karla og kvenna

Eins og fyrr hefur komið fram eru konur frekar þátttakendur í formlega skólakerfinu en karlar. Þótt munurinn á þátttökuhlutfalli kynjanna í einstaka hópum hafi ekki alltaf verið tölfræðilega marktækur virðist kynjamunurinn á þátttöku í formlegu námi vera almennt meiri í eldri hópunum en þeim yngri.

Þátttaka 25-64 ára karla og kvenna í formlegu námi var einnig mismunandi eftir menntun. Þannig var ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem voru skráð í skóla á síðustu 12 mánuðum í hópi þeirra sem ekki höfðu lokið námi umfram grunnskóla en á hinn bóginn var hann mestur (og tölfræðilega marktækur) meðal þeirra sem höfðu þegar lokið háskólaprófi. Um fjórðungur kvenna með háskólagráðu var skráður í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum en hið sama gilti um einungis 1 af hverjum 10 körlum.

Um tvöfalt fleiri starfandi kvenna en karla voru skráðar í formlegt nám á síðustu 12 mánuðum. Þátttökuhlutfall karla og kvenna var mun jafnara meðal þeirra sem voru utan vinnumarkaðar.

Hlutfall 25-64 ára karla og kvenna sem voru skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum virðist vera breytilegt eftir atvinnugrein, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það samkvæmt vikmörkum. Þátttökuhlutfall kvenna virðist einkum hærra en karla meðal starfsfólks hótél og veitingahúsa, í fjármálaþjónustu, opinberri stjórnslu og í atvinnugreinum sem falla undir aðra þjónustu og menningarstarfssemi, sem og í öðru iðnaði. Meðal starfsfólks í mannvirkjagerð og fiskveiðum voru eingöngu karlmenn skráðir í formlegt nám.

Þátttaka 25-64 ára karla og kvenna virðist sömuleiðis vera nokkuð ólík eftir starfséttum. Svo virðist sem hærra hlutfall kvenna en karla hafi verið skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum meðal sérfræðinga, stjórnenda og embættismanna, skrifstofufólks og véla- og vélgæslufólks. Hins vegar var þessu öfugt farið meðal ósérhæfðra en þar virðast hlutfallslega mun fleiri karlar en konur skráðir í formlega skólakerfið á tímabilinu.

Þátttaka í formlegu námi virðist vera almennt meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Kynjamunurinn í þátttöku virðist ívið meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, þótt ekki sé um að ræða tölfræðilega marktækan mun.

Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir

Þegar þátttaka í formlegu námi á Íslandi er borin saman við þátttöku meðal annarra Evrópuþjóða kemur í ljós að þátttakan í aldurshópnum 25-64 ára er mest á Íslandi og í Svíþjóð af 30 Evrópuþjóðum, þannig að þótt við séum tiltölulega ódugleg að útskrifa fólk á þeim tíma sem skólakerfið gerir ráð fyrir, þá erum við að bæta það upp að einhverju leyti smám saman.

Í samanburði við önnur Norðurlönd og Bretland er aldurskipting þátttöku í formlegu námi á Íslandi sambærilegust því sem gerist í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku, þótt þátttakan sé almennt minni bæði í Finnlandi og Danmörku. Í þessum löndum er þátttakan langmest í

aldurshópnum 25-34 ára. Í Noregi og Bretlandi er þátttakan almennt mun minni en í fyrrgreindum löndum auk þess sem minni munur er eftir aldri.

Á Íslandi og í Svíþjóð voru um þriðjungi til helmingi fleiri konur en karlar í öllum aldurshópum skráðar í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Í Danmörku og Finnlandi var kynjamunurinn hins vegar almennt mun minni í öllum aldurshópum.

Þegar þátttaka 25-64 ára í formlegri menntun á Íslandi er borin saman við hin Norðurlöndin og Bretland eftir fyrri menntun fólks kemur í ljós að þátttakan var hlutfallslega mest meðal háskólamenntaðra í öllum þessum löndum og hvað minnst meðal þeirra sem eru með stystu skólagönguna. Þetta undirstrikar hve alþjóðlegt þetta vandamál er og jafnframt hve erfitt viðureignar það er. Munurinn á þátttöku háskólamenntaðra og framhaldsskólamenntaðra var þó meiri í Svíþjóð og Bretlandi en á Íslandi, en í þessum tveimur löndum var þátttökuhlutfallið meðal háskólamenntaðra nær tvöfalt á við framhaldsskólamenntaðra en einungis munaði þremur prósentustigum á þessum hópum á Íslandi. Í Danmörku var þátttökuhlutfallið mun jafnara meðal ólíkra menntahópa.

Á Norðurlöndunum og í Bretlandi var þátttaka í formlegu námi hvað minnst meðal starfandi fólks. Á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð er þátttakan hvað mest meðal þeirra sem teljast utan vinnumarkaðar en í Noregi, Finnlandi og Bretlandi er hún mest meðal þeirra sem skráðir eru atvinnulausir. Þessi munur kann að stafa af einhverjum kerfismun eða hefðarmun hvað varðar tengsl skólagöngu og atvinnuleysisráningar.

Samanborið við 28 Evrópuþjóðir er Ísland ein af 6 þjóðum þar sem hvað minnstur munur er eftir kyni og aldri á hlutfalli 25-64 ára fólks sem var skráð í formlegt nám á síðustu 12 mánuðum.

Þátttaka þeirra sem hafa stystu skólagönguna

Ef miðað er við aldurshópin 16-74 ára hefur um 39% fólks ekki lokið námi umfram grunnskóla. Það sama gildir um 31% fólks á aldrinum 25-64 ára.

Ríflega fjórðungur (27%) fólks á sem ekki hafði formlega menntun umfram grunnskóla var skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallið var hins vegar aðeins 7% ef miðað er við aldurshópin 25-64 ára.

Ekki var marktækur munur á þátttöku 25-64 ára karla og kvenna meðal grunnskólamenntaðra í formlegu námi.

Mikill munur var á þátttöku grunnskólamenntaðra eftir aldri. Yfir helmingur (56%) 20-24 ára og 15% 25-34 ára, en einungis 6% 35-44 ára voru skráðir í formlega skólakerfið á síðustu 12 mánuðum og hlutfallið var enn lægra í eldri hópum. Ef þátttaka þessa hóps er borin saman við þá sem hafa afað sér meiri menntunar má sjá að þeir sem hafa stystu skólagönguna eru hvað síst að afa sér frekari formlegrar menntunar og á þetta við um alla aldurshópa. Bilið á milli þeirra sem hafa mesta skólagöngu og þeirra sem hafa minnsta skólagöngu eykst eftir því sem fólk eldist; þeir sem afa sér menntunar snemma bæta stöðugt við sig en hinir síður.

Algengara var á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni að fólk sem ekki hafði lokið námi umfram grunnskóla væri skráð í skóla eða á námssamningi á síðustu 12 mánuðum.

Almennt voru þeir sem höfðu ekki lokið námi umfram grunnskóla síður skráðir í formlegt nám á síðustu 12 mánuðum en þeir sem höfðu aflað sér meiri menntunar, hvort sem þeir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi.

Samanburður milli ára

Samanburður yfir þriggja ára tímabil, frá 2003 til 2005 gefur til kynna að þátttaka í formlega skólakerfinu hafi verið frá 2003-2004. Sá kynjamunur sem er í þátttöku í formlegu námi virðist þó halda sér á þessu árabili sem og sá munur sem er í þátttöku í formlegu námi eftir fyrri menntun.

5 FRÆÐSLA MEÐ LEIÐBEINANDA

Hér verður fjallað um skipulagða fræðslu utan skóla- eða fræðslukerfisins en hún er mikilvægur þáttur símenntunar. Hér verður aðeins verið að fjalla um fræðslu sem er á vegum einhvers tiltekins aðila sem kennir og skipuleggur fræðsluna og þess vegna er hér talað um fræðslu með leiðbeinanda. Í kaflanum verður fjallað um samsetningu þess hóps sem sótti sér skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum frá því spurt var. Niðurstöður verða sömuleiðis bornar saman við sambærilegar upplýsingar frá Evrópusambandinu, auk þess sem gerð verður grein fyrir þátttöku þeirra sem hafa hvað stystu skólagönguna.

5.1 ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA


Á fyrri tíð var venjulega aðeins fjallað um námskeið af ýmsu tagi, en á síðari árum hefur verið viðurkennt að hér beri að telja með margskonar aðra fræðslustarfsemi. Í þessari könnun var sérstaklega spurt um fernt: a) námskeið, b) ráðstefnur, c) málþing og einstaka fyrirlestra og d) skipulagða fræðslu af öðru tagi sem svarendur gátu bætt við. Spurt var hversu oft á síðustu 12 mánuðum fyrrgreind fræðsla var sótt. Sömuleiðis var spurt hversu margir fræðsluatburðir voru sóttir alls á tímabilinu og hvert efni þeirra var, auk þess sem spurt var nánar út í allt að þrennt sem sótt var af þessu tagi á tímabilinu.

Þá var ekki aðeins spurt um síðustu 12 mánuði heldur einnig hvort fræðslan hafi verið sótt á síðustu fjórum vikum og í síðustu viku. Með þessu móti gefst færi á að sjá hversu margir eru að sækja sér slíka fræðslu á hverjum tíma. Þá var einnig spurt hver stóð að fræðslunni, hversu langan tíma hún tók og hvort hún hafi verið sótt í tengslum við starf eða af persónulegum áhuga. Sömuleiðis var spurt hvort viðkomandi hefði sjálfur átt frumkvæði að því að sækja sér fræðslu eða hvort frumkvæðið hefði komið frá vinnuveitandanum, hvort viðkomandi hefði verið á launum á meðan á fræðslunni stóð og hvort hún hafi farið fram á vinnutíma.

Tegundir fræðslu með leiðbeinanda eftir kyni

Alls höfðu 39% fólks á aldrinum 16-74 ára sótt einhverja skipulagða fræðslu utan skólakerfis, annað hvort í formi námskeiða, ráðstefna, málþinga, fyrirlestra eða annarskonar fræðslu með leiðbeinanda undanfarna 12 mánuði (sjá einnig töflu C í viðauka). Ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára er hlutfallið hins vegar 47%, þ.e. um helmingur þessa aldurshóps hefur sótt sér slíka fræðslu á 12 mánaða tímabili. Mynd 5.1.1. sýnir hlutfall svarenda á aldrinum 25-64 ára sem nefndu tiltekna fræðsluatburði sem þeir höfðu sótt á síðustu 12 mánuðum.¹⁸ Eins og sjá má var námskeiðasókn algengust en yfir þriðjungur svarenda sótti námskeið á tímabilinu. Ríflega 1 af hverjum 10 hafði sótt ráðstefnur og svipað hlutfall hafði sótt fyrirlestra. Ekki var teljanlegur munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu sótt námskeið, ráðstefnur, málþing eða aðra fræðslu með leiðbeinanda. En það vekur auðvitað athygli að t.d. 40% kvenna á aldrinum 25-64 ára sækja námskeið ár hvert.


¹⁸ Á myndinni ber að hafa í huga að svarendur gátu haf sótt fleiri en eina tegund fræðslu og því er samanlagt hlutfall á myndinni hærra en 47%.



Mynd 5.1.1 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt tiltekna skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir kyni

Fjöldi skipta sem fólks sækir sér fræðslu

Eins og áður hefur komið fram höfðu um 2 af hverjum 5 (47%) 25-64 ára sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum. Af þeim hafði tæplega helmingur einungis sótt einn atburð, þ.e. eitt námskeið, eina ráðstefnu, eitt málþing, einn fyrirlestur eða aðra fræðslu með leiðbeinanda, ríflega fimmtungur tvo atburði, ríflega 1 af hverjum 10 þrjá atburði og fimmtungur fjórum eða fleiri atburði (sjá mynd 5.1.2). Þetta mynstur er áhugavert en það sýnir að stór hluti, um þriðjungur, sem sækir sér svona fræðslu á annað borð er mjög virkur (þ.e. sóttu þrjá eða fleiri fræðsluatburði).



Mynd 5.1.2 Fjöldi fræðsluatburða sóttir af þeim 25-64 ára sem á annað borð höfðu sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum


Mynd 5.1.3 sýnir hlutfall fólks eftir því hversu oft það sótti sér fræðslu, skipt eftir kyni, aldri, menntun, og búsetu. Ekki var markverður munur á þátttöku kvenna og karla í skipulagðri fræðslu utan skólakerfis á tímabilinu. Myndin undirstrikar á hinn bóginn það að stór hópur er óvirkur, þ.e. sækir sér ekki slíka fræðslu, sem verður enn frekar umhugsunarefni þegar mikil þátttaka og virkni annarra er höfð í huga.

Þegar skipulögð fræðslusókn er skoðuð eftir aldri kemur í ljós að hlutfallslega flestir þeirra sem tilheyrðu yngstu aldurshópunum (16-24 ára) og þeim elsta (65-74 ára) höfðu ekki sótt neina skipulagða fræðslu á síðustu 12 mánuðum, eða á bilinu 76-85%. Þeir sem voru á aldrinum 25-64 ára höfðu hins vegar í mun meira mæli (23-27%) en hinir aldurshóparnir (3-9%) sótt tvo eða fleiri atburði á tímabilinu.¹⁹

Munur var á þátttöku í skipulagðri fræðslustarfsemi eftir menntun.²⁰ Þannig voru þeir sem höfðu meiri menntun líklegri til að sækja sér fræðslu oftar en einu sinni á síðustu 12 mánuðum og var hlutfall háskólamenntaðara sem hafði sótt tvo eða fleiri atburði meira en þrefalt á við þá sem ekki höfðu menntun umfram grunnskóla (43% á móti 13%). Þannig höfðu ríflega tveir af hverjum þremur grunnskólamenntaðra ekki sótt neina skipulagða fræðslu á síðustu 12 mánuðum, ríflega helmingur framhaldsskólamenntaðra, en aðeins um þriðjungur háskólamenntaðra.

¹⁹ $\chi^2(12)=221,07$, $p<0,05$.

²⁰ $\chi^2(6)=163,14$, $p<0,05$.



Mynd 5.1.3 Hlutfall þeirra sem sóttu mismarga skipulagða fræðsluatburði með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir kyni, aldri, atvinnugrein, starfsstétt, búsetu og svæði símenntunarmiðstöðva. Bakgrunnsgreining miðast við aldurshópinn 25-64 ára


Þátttaka í skipulagðri fræðslu var mun algengari meðal sérmenntaðs starfsfólks, sérfræðinga og stjórnenda og embættismanna heldur en annarra starfsstétta. Á bilinu 63-73% þessa hóps hafði sótt skipulagða fræðslu á tímabilinu samanborið við 25-46% starfsfólks annarra starfsstétta. Þá var sérmenntað starfsfólk, sérfræðingar og stjórnendur og embættismenn

einnig mun líklegri en aðrar starfsstéttir til að hafa sótt tvo eða fleiri fræðsluatburði, eða á bilinu 39-49% á móti 6-18%.²¹

Einnig var munur á fræðslusókn utan formlega skólakerfisins eftir búsetu.²² Þannig var heldur algengara að fólk á landsbyggðinni sækti ekki skipulagða fræðsluatburði (57%) en fólk af höfuðborgarsvæðinu (51%). Sömuleiðis hafði 28% höfuðborgarbúa sótt tvo eða fleiri fræðsluatburði á síðustu 12 mánuðum samanborið við 21% landsbyggðarfólks. Þó má segja að þótt munurinn sé marktækur sé hann í raun ekki mikill.

Þátttaka eftir aldri og kyni

Áhugavert er að skoða hvort þátttaka í skipulagðri fræðslu er mismikil meðal karla og kvenna á mismunandi aldri. Eins og mynd 5.1.4 gefur til kynna var þátttaka kvenna samanborið við karla einkum mikil í aldurshópnum 45-54 ára, en nær 40% fleiri konur en karlar í þeim aldurshópi höfðu sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum.



Mynd 5.1.4 Hlutfall 16-74 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir aldri og kyni

Í öðrum aldurshópum var þátttaka karla og kvenna mun jafnari. Það er athyglisvert að þátttakan er 60% hjá 45-54 ára konum, en einnig er athyglisvert að sjá hversu lítill kynjamunurinn er almennt.


²¹ $\chi^2(16)=248,11$, $p<0,05$.

²² $\chi^2(2)=11,59$, $p<0,05$.

Þátttaka eftir menntun og kyni

Samanburður á þátttöku fólks í formlegu námi leiddi í ljós að þátttaka þeirra er mismikil eftir fyrri menntun þeirra. Eins og mynd 5.1.5 gefur til kynna var þátttaka bæði kvenna og karla hvað mest meðal háskólamenntaðra og hvað minnst meðal grunnskólamenntaðra. Ekki var marktækur munur eftir kyni þótt heldur virtist halla á karla í þátttöku í fræðslu sem hér um ræðir.

Að sumu leyti sýnir mynd 5.1.5 hefðbundið mynstur að því marki að þátttaka fer eftir fyrri menntun. Tengslin eru mjög skýr. Á hinn bóginn má líka halda því fram að munurinn sé ekki sláandi. Þeir sem eru í störfum sem krefjast mikillar menntunar eru jafnframt iðulega í starfsumhverfi sem býður upp á ríkulegt framboð margvíslegrar símenntunar og frá því sjónarhorni er munurinn ekki mjög mikill. Eins og sjá má á mynd 5.1.5 er ekki marktækur munur á þátttökuhlutfalli karla og kvenna í neinum menntahópnum, ólíkt því sem er að finna í niðurstöðum um þátttöku í formlega skólakerfinu (sjá kafla 4).



Mynd 5.1.5 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir fyrri menntun og kyni


Mynd 5.1.5 sýnir sömuleiðis hve þátttakan er almenn. Um tveir þriðju háskólamenntaðra taka þátt í einhverri fræðslustarfsemi á ári hverju og um þriðjungur þess hóps sem margir hafa áhyggjur af að taki lítinn þátt, þ.e. þeirra sem hafa hvað stystu formlegu skólagönguna. Á hinn bóginn staðfestir þessar niðurstöður að þeir sem hafa minnstu formlegu menntunina sækja einnig síst fræðslu af þessu tagi. Tveir þriðju hlutar þess hóps sem hefur stystu skólagönguna sótti sér þannig enga viðbót þetta árið, en það sama á við um aðeins rúmlega þriðjung þess hóps sem mesta menntun hefur fyrir. Þetta skiptir miklu máli, því það má auðvitað halda því fram að í nútíma vinnu- og fræðsluumhverfi ættu formlegar prófgráður ekki að skipta mestu, heldur sé óformleg menntun af ýmsu tagi einmitt það sem skipti mestu máli, það er sveigjanleg fræðslustarfsemi sniðin að hverjum og einum, bæði aðstæðum og einstaklingi. Þeir sem hafa minnsta formlega menntun eru því síður að nýta sér óformlega

kerfið til þess að bæta sér upp veika stöðu sína innan formlega kerfisins heldur en þeir sem hafa mestu formlegu menntunina.

Mynd 5.1.5 sýnir í hnotskurn þann vanda sem þrífaldlega kemur upp í umræðu um þátttöku í menntun. Þegar niðurstöður eru skoðaðar meðal þeirra sem hafa minnstu menntunina, ætti maður sennilega ekki síður að beina athygli sinni að þeim umtalsverða hópi sem tekur þátt, heldur en þeim mun stærri hópi sem gerir það ekki.

Þátttaka eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Mynd 5.1.6 sýnir þátttökuhlutfall í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum eftir stöðu á vinnumarkaði.



Mynd 5.1.6 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni


Þátttaka í skipulagðri fræðslu virðist vera nokkuð algengari meðal þeirra sem eru starfandi, samanborið við þá sem eru utan vinnumarkaðar eða atvinnulausir. Um það bil helmingur þeirra sem eru starfandi hefur sótt sér fræðslu af þessu tagi á síðustu 12 mánuðum samanborið við um fjórðung þeirra sem eru ekki starfandi. Hlutfallslega fleiri konur en karlar á vinnumarkaði hafa sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum.

Þátttaka eftir atvinnugrein og kyni

Mynd 5.1.7 sýnir hlutfall þeirra sem höfðu sótt sér skipulagða fræðslu á síðustu 12 mánuðum skipt eftir atvinnugrein og kyni. Þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda var mismunandi eftir atvinnugrein, allt frá um fimmtungi upp í þrír af hverjum fjórum í tilteknum

atvinnugreinum sóttu námskeið, ráðstefnur eða sambærilegt á síðustu 12 mánuðum.²³ Þátttaka í skipulagðri fræðslu var hvað algengust meða starfsfólks í fjármálaþjónustu, fræðslustarfsemi, veitustarfsemi, opinberri stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu (62-72%) en hvað óalgengust meðal starfsfólks í fiskvinnslu, mannvirkjagerð, fiskveiðum og hótél- og veitingahúsarekstri (20-29%).

Sömuleiðis er þátttaka karla og kvenna hugsanlega nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum, þótt ekki megi fullyrða um það séu vikmörk hlutfalla borin saman.



Mynd 5.1.7 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir atvinnugrein og kyni


Það sem er áhugaverðast við mynd 5.1.7 er heildarsvipur hennar, þ.e. hve mikill munur er á þátttöku eftir atvinnugreinum. Að því marki sem þátttaka í fræðslu af því tagi sem hér er til umræðu er merki um grósku er ljóst að í sumum atvinnugreinum er lítil þátttaka umhugsunarefni. Þátttakan endurspeglar óneitanlega af tegund atvinnu og segja má að sumar greinar þrífist á tiltölulega lágt launafli sem ekki endurnýjar eða bætir við

²³ $\chi^2(14)=164,6$, $p<0,05$.

færni sína. Það má velta því fyrir sér hversu lífvænlegt það er fyrir slíkar atvinnugreinar þegar til lengdar lætur.

Þátttaka eftir starfsstétt og kyni

Þátttaka 25-64 ára í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda var mismunandi eftir starfsstétt.²⁴ Mynd 5.1.8 sýnir hlutfall þeirra sem sóttu sér óformlega menntun af því tagi sem hér um ræðir á síðustu 12 mánuðum skipt eftir starfsstétt og kyni.



Mynd 5.1.8 Hlutfall 16-74 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir starfsstétt og kyni


Ekki var marktækur munur á þátttöku karla og kvenna. Á hinn bóginn sýnir myndin að þátttaka í óformlegu námi eftir starfsstétt tengist án efa mismunandi bakgrunnsmenntun stéttanna, en þær starfsstéttir þar sem þátttakan er meiri eru einnig þær stéttir þar sem formleg menntun er hvað mest.

Þátttaka eftir stærð vinnustaðar og kyni

Þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda var algengari á stórum vinnustöðum heldur en á þeim minni ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára.²⁵ Um 62% starfsfólks vinnustaða

²⁴ $\chi^2(8)=182,3$, $p<0,05$.

með 50 eða fleiri starfsmenn hafði sótt námskeið, ráðstefnu eða sambærilega fræðslu á síðustu 12 mánuðum samanborið við 46% starfsfólks á vinnustöðum með 1-10 starfsmenn. Eins og sjá má á mynd 5.1.9 var ekki marktækur munur á þátttökuhlutfalli karla og kvenna eftir stærð vinnustaðar. Þótt þetta sé sama mynstur og hefur fengist í fjölmörgum fyrri rannsóknum þá er munurinn ekki sláandi; þá má alveg eins beina athygli að því að þátttaka er talsverð hjá öllum stærðum vinnustaða, eins og beina athyglinni að þeim mun sem fram kemur.



Mynd 5.1.9 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir stærð vinnustaðar og kyni


Þátttaka eftir búsetu og kyni

Ekki var munur á þátttöku fólks í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda eftir búsetu (sjá mynd 5.1.10).²⁵ Eins og sjá má í kafla 3 var grunnmenntun nokkuð mismunandi eftir byggðarlögum. Einnig var munur eftir búsetu á hlutfalli þeirra sem höfðu verið skráðir í skóla á undangengnum 12 mánuðum (sjá kafla 4) og þess vegna hefði mátt búast við talsverðum þátttökumun í skipulagðri fræðslu eftir byggðarlögum.

Ekki var heldur um kynjamun að ræða í þátttöku í óformlegu námi. Það má jafnvel halda því fram að samræmið í þátttöku byggðarlaga sé enn áhugaverðara ef miðað er við þann mun sem við vitum um á ýmsum grunnbreytum, m.a. atvinnugreinum og fyrri menntun. Það má því spyrja sig hvort samræmið í þátttökunni megi eigna símenntunarmiðstöðvum víðsvegar um landið. Hér er undirstrikað að sá munur, sem sjá má á myndinni um þátttöku eftir búsetu, hvort sem er óháð eða háð kyni, er ekki tölfræðilega marktækur. Við sjáum að á meðal karla er hlutfallið á bilinu 36-49%, en meðal kvenna ívið hærra, 43-56%.

²⁵ $\chi^2(2)=23,2, p<0,05$.


²⁶ $\chi^2(8)=7,03, p>0,05$.



Mynd 5.1.10 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir búsetu og kyni

Þátttaka eftir búsetu og menntun

Á mynd 5.1.11 má sjá þátttöku í skipulagðri fræðslu eftir búsetu og fyrri menntun. Þessi mynd er að mörgu leyti áhugaverðari en sú síðasta því hún leiðréttir fyrir þann menntunarmun sem er á milli byggðarlaga. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru ekki með hæstu þátttökutölurnar í neinum menntunarflokkanna. Það er tvennt sem vekur sérstaka athygli á þessari mynd. Annars vegar hve þátttaka háskólamenntaðra er almennt hlutfallslega mikil, þótt á því séu áhugaverðar undantekningar. Hins vegar hve mynstrið sem kemur fram á milli hinna menntaflokkanna er misjafnt eða sveiflukennt.




Mynd 5.1.11 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir búsetu og fyrri menntun

Tílefni fræðslunnar

Langmest þeirrar skipulögðu fræðslu sem sótt er, er sótt starfsins vegna. Um 84% þeirra fræðsluatburða sem 25-64 ára fólk sótti á síðustu 12 mánuðum voru starfstengdir. Því voru 16% fræðslunnar sótt af persónulegum áhuga. Miðað við þá áherslu sem lögð er á endurmenntun í starfi virðast þessi hlutföll eðlileg. Svo virðist sem tílefni þess að fólk sækir sér skipulagða fræðslu með leiðbeinanda sé nokkuð breytilegt eftir bakgrunni þess, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það út frá vikmörkum (sjá mynd 5.1.12). Það leiðir að vísu hugann að því á hvaða forsendum fólk svarar. Mynstrið gæti bent til þess að hluti þeirra sem sýnir lægst hlutfall tengt starfi (t.d. þeir sem aðeins hafa grunnskólamenntun), sé að sækja einhver námskeið sem eru ekki beinlínis tengd starfinu en er samt ætlað að styrkja stöðu fólks á atvinnumarkaði, t.d. námskeið tengd lestri, tölvuþekkingu eða erlendum tungumálum.

Yngstu aldurshóparnir (undir 25 ára) og sá elsti (65-74 ára) virðast sækja í mun meira mæli fræðslu af persónulegum áhuga en beinlínis starfstengdum, en um helmingur þeirra sem sóttu sér fræðslu í þessum aldurshópum sóttu sér hana af persónulegum áhuga samanborið


við 12-19% þeirra sem voru 25-64 ára. Þá var hærra hlutfall háskólamenntaðra (88%) en grunnskólamenntaðra (75%) sem sótti fræðslu í tengslum við starf.



Mynd 5.1.12 Hlutfall skipulagðrar fræðslu með leiðbeinanda sem sótt er vegna starfsins en ekki af persónulegum áhuga á síðustu 12 mánuðum. Bakgrunnsgreining miðast við aldurshópinn 25-64 ára

Frumkvæði að fræðslu

Tæplega helmingur þeirrar skipulögðu fræðslu með leiðbeinanda sem svarendur höfðu sótt sér á síðustu 12 mánuðum vegna starfs hafði vinnuveitandinn frumkvæði að (48%) en ríflega helmingur (52%) hafði haft frumkvæði að henni sjálfur (sjá nánar mynd 5.1.13).




Mynd 5.1.13 Hlutfall þeirra sem segja atvinnuveitandann hafa haft frumkvæði að fræðslunni. Bakgrunnsgreining miðast við 25-64 ára svarendur sem höfðu sótt fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum vegna starfs

Niðurstöðurnar sem sjá má í mynd 5.1.13 eru áhugaverðar þótt það sé ekki einfalt að túlka þær. Í þeim tilvikum sem hátt hlutfall fólks sækir námskeið fyrir tilstilli atvinnurekanda þá gildir líklega annað af tvennu: A) Jákvæð rök. Atvinnurekendur eru mjög áhugasamir og þótt starfsfólk væri mjög viljugt að sækja námskeið þá er áhugi atvinnurekandans líklega enn meiri. B) Neikvæð rök. Það má vera að áhugi starfsfólks sé lítill og það frumkvæði sem er komi frá atvinnurekandanum. Í slíkum tilvikum skiptir frumkvæði atvinnurekanda sköpum til að drífa fólk á námskeið (þetta á auðvitað ekki við um einyrkja). Ekki er ljóst af þeim gögnum sem tiltæk eru hvor skýringin er trúverðugri.


Kostun og tímasetning fræðslu

Í um þremur af hverjum fjórum tilvika þar sem fólk sótti sér skipulagða fræðslu vegna starfs var viðkomandi á launum á meðan á fræðslunni stóð. Á mynd 5.1.14 má sjá hlutfall þeirra sem hafði sótt sér fræðslu vegna starfs á síðustu 12 mánuðum sem voru launaðir meðan á fræðslunni stóð, greint eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Nokkur munur var á hlutfalli þeirra sem sóttu starfstengda fræðslu kostaða af vinnuveitanda eftir bakgrunni. Til að mynda voru karlar (79%) frekar en konur (69%) á launum á meðan fræðslunni stóð. Í tæplega þremur af hverjum fjórum tilvika þar sem fólk sótti sér skipulagða fræðslu vegna starfs fór fræðslan að öllu leyti eða aðallega fram á vinnutíma viðkomandi. Á mynd 5.1.15 má sjá hlutfall þeirra sem hafði sótt sér fræðslu vegna starfs á síðustu 12 mánuðum sem sóttu fræðsluna á vinnutíma, greint eftir nokkrum bakgrunnspáttum.

Vert er að skoða myndir 5.1.14 og 5.1.15 í samhengi. Almennt eru hlutföllin nokkuð há og í sumum tilfellum vel yfir 80% (sjá mynd 5.1.14, um launaða fræðslu). Þau hlutföll sem eru lægri eru umhugsunarefni, m.a. að tengsl kunni að vera á milli menntunar og þessara aðstæðna, þótt þau séu ekki sterk. Breytileikinn stafar sennilega af ýmsum þáttum m.a. eðli vinnunnar. Það er til dæmis skiljanlegt að í atvinnugreininni fiskveiðar (42% á mynd 5.1.15) sé snúið að koma við námskeiðum á vinnutíma, en það virðist þykja eðlilegt í fiskvinnslu (94%). Það ætti þó ekkert að vera því til fyrirstöðu að fólk fái laun á meðan á starfstengdum námskeiðum stendur, óháð því hvað atvinnugreinin snýst um, en það kann að skapa vanda ef þau laun þurfa að vera yfirvinnugreiðslur. Hins vegar má búast við lægri hlutföllum í þessu efni í greinum sem byggja mikið á vinnu einyrkja.



Mynd 5.1.14 Hlutfall þeirra sem voru að öllu eða mestu leyti á launum á meðan á fræðslunni stóð . Bakgrunnsgreining miðast við 25-64 ára svarendur sem höfðu sótt fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum vegna starfs



Mynd 5.1.15 Hlutfall þeirra sem stunduðu fræðslu með leiðbeinanda að öllu leyti eða aðallega á vinnutíma. Bakgrunnsgreining miðast við 25-64 ára svarendur sem höfðu sótt fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum vegna starfs

5.2 ÞÁTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANADA – SAMANBURÐUR VIÐ AÐRAR EVRÓPUÞJÓÐIR


Hér verður þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda borin saman við aðrar Evrópuþjóðir. Greiningin miðast við aldurshópinn 25-64 ára.

Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir

Á mynd 5.2.1 má sjá hlutfall 25-64 ára Evrópubúa sem sóttu skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum eftir landi og kyni.

Samanburðurinn við önnur lönd í Evrópu sýnir einkum tvennt. Í fyrsta lagi er Ísland meðal þeirra landa þar sem þátttakan er hvað mest. Í öðru lagi er Ísland á mjög svipuðu reki og hin Norðurlöndin og það kemur mjög vel heim en saman við það sem aðrar kannanir hafa sýnt (Jónasson & Tuijnman, 2001a, 2001b). Í Noregi er þátttakan þó heldur minni en á hinum Norðurlöndunum. Kynjamunurinn á Íslandi er ekki mikill, en hann er sambærilegur því sem kemur fram í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Myndin sýnir einnig að þátttökuhlutfallið er mjög mismunandi eftir löndum, eða allt frá því að vera örfá prósent upp í um og yfir helmingur fólks sem segist hafa tekið þátt í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum.

Það eru ýmis rök fyrir því að námskeið eða önnur fræðslustarfsemi sem beinlínis tengist þeim verkefnum sem verið er að glíma við hverju sinni nýtist afar vel til þess að fólk viðhaldi færni sinni í starfi. Ef það er rétt þá ætti ekki síður að líta til þessarar fræðslustarfsemi en hefðbundinnar skólagöngu til þess að meta menntunarstöðu þjóðarinnar. Í ljósi þessa er staðan á Íslandi mjög góð.




Mynd 5.2.1 Hlutfall 25-64 ára Evrópubúa sem sóttu skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir landi og kyni

Samanburður við Norðurlönd og Bretland

Til þess að fá betri tilfinningu fyrir samanburðinum við Norðurlöndin og Bretland er vert að skoða þátttöku í óformlegu námi í einstaka aldurshópum og eftir kyni. Myndir 5.2.2 og 5.2.3 sýna hlutfall fólks á Norðurlöndunum og í Bretlandi sem tók þátt í fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum eftir aldri þeirra annarsvegar og kyni og aldri hins vegar.


Eins og sjá má á mynd 5.2.2 er mynstrið í þátttöku í óformlegu námi í aldurshópnum 25-64 ára svipað meðal þeirra þjóða sem um ræðir. Segja má að aldursdreifing í þátttökunni í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi sé hvað sambærilegust því sem gerist á Íslandi, þótt elsti hópurinn sé ekki eins virkur í Finnlandi. Í Noregi og Bretlandi var þátttakan hins vegar almennt heldur minni í öllum aldurshópum. Meginniðurstaðan hlýtur þó að vera sú að í aðalatriðum er þátttakan sambærileg á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.



Mynd 5.2.2 Hlutfall 25-64 ára sem sóttu skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum á Norðurlöndunum og í Bretlandi; skipt eftir landi og aldri

Þegar aldursdreifing í þátttöku er skoðuð eftir kyni meðal þeirra Norðurlandþjóða sem virðast vera hvað sambærilegastar í þátttöku í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda má sjá að mynstrið í dreifingu þátttökunnar eftir kyni og aldri er keimlíkt (sjá mynd 5.2.3).


Það er að vissu leyti umhugsunarefni hve lík aðsóknin í fræðslu með leiðbeinanda er því símenntunarkerfin í þessum löndum eru alls ekki eins. Almennt má segja að konur á milli 45 og 54 ára séu hvað öflugastar í að sækja sér slíka fræðslu. Konur í elsta hópnum í Svíþjóð og Finnlandi virðast einnig vera mun duglegri en karlar í sama aldurshópi að sækja námskeið, ráðstefnur og sambærilega fræðslu, en minni munur er á körlum og konum í þessum aldurshópi á Íslandi og í Danmörku. Hér ber þó að hafa í huga að almennt er þátttakan í þessum aldurshópi hvað minnst í Finnlandi.



Mynd 5.2.3 Hlutfall 25-64 ára sem sóttu skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum á fjórum Norðurlöndum; skipt eftir landi, aldri og kyni

Þegar þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda er skoðuð eftir fyrri menntun fólks á Norðurlöndunum og í Bretlandi má sjá að mynstrið er mjög svipað í þessum löndum (sjá mynd 5.2.4).


Þannig eru almennt þriðjungur færri framhaldsskólamenntaðir en háskólamenntaðir þátttakendur í fræðslu af því tagi sem hér um ræðir. Sömuleiðis eru að jafnaði tvöfalt fleiri háskólamenntaðir samanborið við grunnskólamenntaða þátttakendur í skipulagðri fræðslu, að undanskildu í Bretlandi og Noregi en þar er þáttökhlutfallið meðal þeirra minnst menntuðu enn lægra samanborið við hina menntahópana. Það kemur í raun ekki á óvart að mynstrið í símenntun sé svo sambærilegt meðal þessara þjóða. Mynstrið er svipað samkvæmt öllum megin breytum og þegar tiltekna mikilvægar breytur, eins og fyrr skólamenntun, vega þungt í einu landanna þá er sennilegast að hún geri það einnig í hinum löndunum. Megin niðurstaðan er því sú að símenntun, eins og hún er mæld hér, er svipuð í öllum löndunum sem notuð eru til samanburðar, m.a. í ljósi mikilvægra breyta svo sem fyrri menntunar.



Mynd 5.2.4 Hlutfall 25-64 ára sem sóttu skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum á Norðurlöndunum og í Bretlandi; skipt eftir landi og fyrri menntun

Mynd 5.2.5 sýnir hlutfall þátttöku í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum meðal 25-64 ára á Norðurlöndum og í Bretlandi, eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði. Eins og myndin gefur til kynna er þátttökumynstrið eftir atvinnugrein mjög svipað meðal þessara þjóða.


Þótt löndin séu öll mjög svipuð þá beinist athygli sérstaklega að svipmótinu með Svíþjóð og Finnlandi. Miðað við það sem hér hefur komið fram má hugsa sér að nota ítarlegar sænskar og finnskar rannsóknir og gera því skóna að svipaðar niðurstöður kæmu fram hér. Við erum stundum nokkuð upptekin af því hve íslenskt þjóf félag sé sérstakt og að við gerum hlutina öðruvísi hér og þess vegna sé hæpið að styðjast við erlendar niðurstöður. Auðvitað þarf að hafa einhverja viðmiðunarpunkta til þess að stilla af ákveðin grundvallaratriði, en að þeim fengnum þá getum við gengið býsna langt þegar við reiðum okkur á erlendar rannsóknir. Í öllum þeim atriðum sem hér hafa verið rædd er mynstrið sambærilegt í Svíþjóð og hér.



Mynd 5.2.5 Hlutfall 25-64 ára sem sóttu skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum á Norðurlöndunum og í Bretlandi; skipt eftir landi og stöðu á vinnumarkaði

Stuðull jafnaðar - Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir

Hér er þátttaka meðal Evrópuþjóða í formlega í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda borin saman eftir því hversu mikill jöfnuður er í þátttökunni í mismunandi hópum. Mynd 5.2.6 sýnir stuðul jafnaðar, sambærilegan þeim sem kynntur er í kafla 4.2.3. Hann gefur til kynna hversu mikill munur er á þátttöku mismunandi aldurshópa karla og kvenna í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda. Bornir voru saman 8 hópar eftir aldri og kyni; fjórir aldurshópar karla annars vegar og kvenna hins vegar (25-34 ára, 35-44 ára 45-54 ára og 55-64 ára). Hlutfall var reiknað á milli þess hóps sem hafði hæsta þátttökuhlutfallið og þess sem hafði lægsta þátttökuhlutfallið, auk þess sem leiðrétt var fyrir þátttökuhlutfallið. Eftir því sem stuðullinn er hærri því jafnara er þátttökuhlutfallið eftir aldri og kyni, að teknu tilliti til heildarþátttökuhlutfalls landsins (sjá nánar um stuðul í kafla 4.2.3).




Mynd 5.2.6 Stuðull jafnaðar sem gefur til kynna mun á þeim tveimur hópum þar sem hlutfallslega flestir annars vegar og fæstir hins vegar höfðu tekið þátt í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum, að teknu tilliti til heildarþátttökuhlutfalls²⁷

Eins og sjá má á mynd 5.2.6 virðast Norðurlöndin, Sviss og Bretland skara fram úr samanborið við aðrar Evrópuþjóðir þegar kemur að mati á jöfnuði eftir kyni og aldri í þátttöku í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda, að teknu tilliti til heildarþátttöku. Ef þessi niðurstaða er borin saman við sambærilega greiningu á þátttöku í formlega skólakerfinu (sjá mynd 4.2.6) má segja að Norðurlöndin, að undanskildu Íslandi, standi sig betur hvað varðar jöfnuð og þátttöku í óformlega skólakerfinu en í formlegu skólanámi samanborið við önnur lönd. Ísland á hinn bóginn trónir í allra efstu sætum listans með tilliti til jafnaðar í þátttöku bæði í formlegu og óformlegu námi.

²⁷ Hóparnir voru skilgreindir út frá kyni og aldri, alls 8 hópar. Stuðullinn tekur einnig tillit til heildar þátttökuhlutfalls í hverju landi. Eftir því sem hann er hærri því jafnara er þátttökuhlutfallið eftir aldri og kyni, að teknu tilliti til heildarþátttökuhlutfalls.


5.3 ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA – ÞEIR SEM HAFU STYSTU MENNTUNINA

Í þessum kafla er þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda skoðuð meðal þeirra sem hafa hvað stystu formlegu skólagönguna, þ.e. hafa ekki lokið formlegu námi umfram grunnskóla. Eins og sjá má á mynd 5.3.1 hafði ríflega fjórðungur (27%) grunnskólamenntaðra á aldrinum 16-74 ára sótt sér skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum en þriðjungur (33%) ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára. Eins og sjá má var þátttakan minnst meðal þeirra sem voru yngstir og elstir. Auk þess var nokkur munur á þátttökuhlutfalli grunnskólamenntaðra eftir stöðu á vinnumarkaði en ekki var munur á þátttökuhlutfalli þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða á langsbyggðinni.




Mynd 5.3.1 Hlutfall þeirra sem höfðu ekki lokið námi umfram grunnskóla sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir bakgrunnspáttum. Bakgrunnsgreining miðast við aldurshópinn 25-64 ára

Mynd 5.3.2 sýnir að dreifing í þátttöku 25-64 ára í skipulagðri fræðslu eftir aldri virðist vera nokkuð minni meðal þeirra sem hafa hvað stystu formlegu skólagönguna en meðal þeirra sem hafa lengri skólagöngu að baki. Þannig má til dæmis sjá að munurinn á þeim aldurshópum sem sýnir hæsta hlutfallið og lægsta hlutfallið meðal grunnskólamenntaðra er 6% en á bilinu 13-18% í hinum menntahópnum.



Mynd 5.3.2 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir fyrri menntun og aldri


Á hinn bóginn virðist ekki vera munur á þátttökuhlutfalli ólíkra menntahópa í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda eftir því hvort um var að ræða landsbyggðarfólk eða höfuðborgar-búa (sjá mynd 5.3.3). Það gildir um bæði höfuðborg og landsbyggð að þeir sem hafa hvað stystu skólagönguna sóttu hvað síst skipulagða fræðslu á undangengnum 12 mánuðum.




Mynd 5.3.3 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum; skipt eftir búsetu og fyrri menntun

5.4 ÞÁTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA – SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Eins og samanburður á þátttöku í formlega skólakerfinu á árunum 2003-2005 leiddi í ljós virðist þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda hafa færst heldur í vöxt á þessu árabili og þá helst á milli 2003 og 2004. Árið 2005 sóttu 16% karla og 19% kvenna skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 4 vikum samanborið við 11% karla og 13% kvenna árið 2003 (sjá mynd 5.4.1). Svo virðist sem þátttakan hafi einkum aukist meðal þeirra sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi og meðal háskólamenntaðra (sjá mynd 5.4.2).



Mynd 5.4.1 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 4 vikum; skipt eftir ári rannsóknar og kyni



Mynd 5.4.2 Hlutfall 25-64 ára sem hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 4 vikum; skipt eftir ári rannsóknar og menntun

5.5 ÞÁTTAKA Í FRÆÐSLU MEÐ LEIÐBEINANDA – SAMANTEKT HELSTU NIÐURSTAÐNA

Almennar niðurstöður

Um tveir af hverjum fimm (39%) á aldrinum 16-74 ára hafði sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum en tæplega annar hver (47%) ef miðað er við aldurs-
hópinn 25-64 ára. Með fræðslu með leiðbeinanda er einkum átt við námskeið, ráðstefnur,
málþing og fyrirlestra. Lang algengast var að fólk sækti námskeið en yfir þriðjungur 25-64 ára
sótti námskeið á tímabilinu.

Ekki var teljanlegur munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu sótt námskeið, ráðstefnur,
málþing eða aðra fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum.

Ríflega helmingur (54%) þeirra 25-64 ára sem höfðu sótt skipulagða fræðslu með leiðbein-
anda á síðustu 12 mánuðum höfðu sótt fleiri en atburð, þ.e. fleiri en eitt námskeið, ráðstefnu,
málþing, fyrirlestur eða aðra fræðslu með leiðbeinanda. Um 20% hafði sótt fjóra eða fleiri
atburði á síðustu 12 mánuðum. Það er því nokkuð stór hópur sem er mjög virkur.

Þegar skipulögð fræðslusókn er skoðuð eftir aldri má sjá að hlutfallslega mun færri þeirra
yngstu (16-24 ára) og elstu (65-74 ára) sóttu slíka fræðslu á undangengnum 12 mánuðum
(15-24%) en þeir sem voru á aldrinum 25-64 ára (40-52%).

Þá kom fram munur á þátttöku 25-64 ára fólks í skipulagðri fræðslusókn eftir fyrri menntun.
Tveir af hverjum þremur grunnskólamenntaðra (67%) höfðu ekki sótt skipulagða fræðslu á
undangengnum 12 mánuðum, um helmingur framhaldsskólamenntaðra (55%) og um
þriðjungur háskólamenntaðra (34%). Að sama skapi var mun líklegri að viðkomandi hafi sótt
tvo eða fleiri fræðsluatburði á tímabilinu eftir því sem hann eða hún hafði meiri formlega
menntun. Þetta er mjög skýrt mynstur og staðfestir það sem almennt fæst þegar gögnum af
þessu tagi er safnað.

Þátttaka í skipulagðri fræðslu var mun algengari meðal sérmenntaðs starfsfólks, sérfræðinga
og stjórnenda og embættismanna samanborið við aðrar starfsstéttir. Þessar sömu starfsstéttir
voru einnig mun líklegri en aðrar til að hafa sótt tvo eða fleiri fræðsluatburði.

Heldur algengara var að fólk á aldrinum 25-64 ára á höfuðborgarsvæðinu sækti skipulagða
fræðslu en fólk á sama aldri á landsbyggðinni, eða 49% á mótí 43%. Höfuðborgarbúar voru
sömuleiðis líklegri en landsbyggðarfólk til að hafa sótt fleiri en tvo atburði á undangengnum
12 mánuðum.

Þá var þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda mun algengari meðal þeirra sem voru
starfsandi en þeirra sem voru annað hvort atvinnulausir eða utan vinnumarkaðar.

Sömuleiðis var þátttaka mismunandi eftir atvinnugreinum. Til dæmis var þátttaka í skipulagðri
fræðslu hvað algengust meðal starfsfólks í fjármálaþjónustu, fræðslustarfsemi, veitustarfs-
semi, opinberri stjórnýslu og heilbrigðisþjónustu (62-72%) en hvað óalgengust meðal starfs-
fólks í fiskvinnslu, mannvirkjagerð, fiskveiðum og hótél- og veitingahúsarekstri (20-29%).

Þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda var talsvert algengari í stærri fyrirtækjum en
minni. Um 62% starfsfólks á aldrinum 25-64 ára í stórum fyrirtækjum (50 eða fleiri starfs-
menn) höfðu sótt skipulagða fræðslu á undangengnum 12 mánuðum samanborið við 46%
starfsfólks á vinnustöðum með 1-10 starfsmenn.

Langalgengast var að skipulögð fræðsla með leiðbeinanda væri sótt vegna starfsins, en um 84% þeirrar fræðslu sem sótt var af fólki á aldrinum 25-64 ára var starfstengd. Meðal yngra og eldra fólks var hins vegar mun algengara að fræðslan væri fyrst og fremst sótt af persónulegum áhuga. Ekki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem sóttu fræðslu af starfstengdum ástæðum en háskólamenntaðir sóttu í mun meira mæli starfstengda fræðslu en grunnskólamenntaðir, eða 88% háskólamenntaðra á móti 75% grunnskólamenntaðra.

Um helmingur (48%) þeirrar fræðslu sem svarendur höfðu sótt á síðustu 12 mánuðum vegna starfs hafði vinnuveitandinn haft frumkvæði að. Töluverður munur var á því hversu hátt hlutfall starfstengdrar fræðslu var sótt af frumkvæði vinnuveitandans eða eigin frumkvæðis starfsmanns eftir ýmsum bakgrunnsþáttum s.s. aldri, fyrri menntun, starfsstétt, atvinnugrein, búsetu og svæði símenntunarmiðstöðva.

Í þremur af hverjum fjórum tilvikum þar sem fólk sótti sér skipulagða fræðslu vegna starfs var viðkomandi á launum á meðan á fræðslunni stóð og var hlutfall þeirra sem sóttu starfstengda fræðslu á vinnutíma sambærilegt. Töluverður munur var á hlutfalli þeirra sem sóttu starfstengda fræðslu á launum eða á vinnutíma eftir bakgrunni.

Þátttaka karla og kvenna

Segja má að þátttaka í skipulagðri fræðslu sé ekki tengd kyni með eins skýrum hætti og á við um þátttöku í formlegu námi. Eins og fyrr kom fram var ekki teljanlegur munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu sótt námskeið, ráðstefnur, málþing eða aðra fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum. Hins vegar má greina nokkurn kynjamun í þátttöku í skipulagðri fræðslu þegar hún er greind eftir fleiri þáttum.

Nokkur munur er á þátttöku karla og kvenna í skipulagðri fræðslu í aldurshópnum 45-54 ára en þar höfðu um þriðjungu færri karlar (43%) en konur (60%) sótt fræðslu með leiðbeinanda á síðustu 12 mánuðum. Ekki var hins vegar markur munur á þátttöku eftir kyni í öðrum aldurshópum.

Þegar þátttaka 25-64 ára karla og kvenna í skipulagðri fræðslu eftir mismunandi menntun var skoðuð kom í ljós að ekki marktækur munur á þátttökuhlutfalli karla og kvenna í neinum menntahópnum.

Hlutfallslega fleiri konur en karlar á vinnumarkaði höfðu sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum. Sömuleiðis má gera því skóna að þátttaka karla og kvenna sé hugsanlega nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum, þótt ekki megi fullyrða um það séu vikmörk hlutfalla borin saman. Kynjamunur í þátttöku virðist á hinn bóginn ekki vera mjög mismunandi eftir ólíkum starfstéttum, né eftir stærð fyrirtækja eða mismunandi búsetusvæðum.

Samanburður við aðrar Evrópuþjóðir

Þegar þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda á Íslandi er borin saman við þátttöku meðal annarra Evrópuþjóða gildir svipað og um þátttöku í formlegu námi, það er Ísland er eitt fimm landa (ásamt Sviss, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi) þar sem þátttakan í aldurshópnum 25-64 ára er mest af þeim 30 Evrópuþjóðum sem skoðaðar eru.

Í samanburði við önnur Norðurlönd og Bretland er aldurskipting þátttöku í skipulagðri fræðslu á Íslandi áþekk því sem þar á við, einkum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku, þótt elsti

hópurinn í Finnlandi sé ekki eins virkur. Líkt og gildir um þátttöku í formlega skólakerfinu er þátttaka í skipulagðri fræðslu hins vegar almennt mun minni í Noregi og Bretlandi.

Samanburður á niðurstöðum fyrir þessi sömu lönd eftir kyni og aldri svarenda gefur til kynna að mynstrið í fræðslusókn sé mjög keimlíkt í þessum löndum. Kynjamunurinn var hvað mestur í aldurshópnum 45-54 ára þar sem hallar á karla í samanburði við konur í þátttöku í fræðslu með leiðbeinanda. Þetta gildir einnig um aldurshópinn 55-64 ára í Svíþjóð og Finnlandi, en almennt er minni munur á þátttökuhlutfalli kynjanna í yngri hópunum.

Þátttaka í 25-64 ára í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda á Íslandi samanborðið við hin Norðurlöndin og Bretland eftir fyrri menntun fólks gefur til kynna að mynstrið sé mjög svipað í þessum löndum. Almennt sóttu um þriðjungi færri framhaldsskólamenntaðir en háskólamenntaðir skipulagða fræðslu. Í Bretlandi og Noregi var þátttökuhlutfall þeirra sem hafa stystu menntunina nokkuð lægra samanborðið við hina menntahópna heldur en á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Á Norðurlöndunum og í Bretlandi var þátttaka í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda mest meðal starfandi fólks. Þátttaka í skipulagðri fræðslu eftir stöðu á vinnumarkaði virðist vera nokkuð sambærileg í þessum löndum. Íslandi svipar þó hvað mest til Svíþjóðar og Finnlands að þessu leyti.

Samanborðið við 28 Evrópuþjóðir er Ísland ein af 4 þjóðum þar sem hvað minnstur munur er eftir kyni og aldri á hlutfalli 25-64 ára fólks sem hafði sótt sér skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum.

Megin niðurstaða þessa samanburðar er sú að við getum almennt reitt okkur á að mynstur í fræðslu fullorðinna sé svipað og á hinum Norðurlöndunum og þess vegna sé óhætt að gera því skóna að niðurstöður þeirra eigi við hér í öllum aðalatriðum.

Þátttaka þeirra sem hafa stystu skólagönguna

Ríflega fjórðungur (27%) grunnskólamenntaðra á aldrinum 16-74 ára höfðu sótt skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 12 mánuðum en þriðjungur (33%) ef miðað er við aldurshópinn 25-64 ára. Þátttakan var minnst meðal þeirra sem voru yngstir og elstir og nokkur munur var á þátttökuhlutfalli þeirra sem ekki höfðu lokið formlegu námi umfram grunnskóla eftir stöðu á vinnumarkaði en ekki var munur á þátttökuhlutfalli þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða á langsbyggðinni.

Athygli vekur að dreifing í þátttöku 25-64 ára í skipulagðri fræðslu eftir aldri virðist vera minni meðal þeirra sem hafa hvað stystu formlegu skólagönguna en meðal þeirra sem hafa lengri skólagöngu að baki, þ.e. minni munur er á þátttökuhlutfalli mismunandi aldurshópa meðal grunnskólamenntaðra heldur en meðal annarra menntahópa.

Á hinn bóginn var ekki mikill munur á þátttökuhlutfalli mismunandi menntahópa í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda eftir því hvort um var að ræða landsbyggðarfólk eða höfuðborgar-búa.

Samanburður milli ára

Það sama virðist gilda um samanburð á þátttöku í formlega skólakerfinu á árunum 2003-2005 og þátttöku í skipulagðri fræðslu með leiðbeinanda. Þátttakan virðist hafa farið heldur vaxandi á þessu stutta árabili og þá helst á milli 2003 og 2004. Árið 2005 sóttu 16% karla og 19%

kvenna skipulagða fræðslu með leiðbeinanda á undangengnum 4 vikum samanborið við 11% karla og 13% kvenna árið 2003.

Svo virðist sem þátttakan hafi einkum aukist meðal þeirra sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi og meðal háskólamenntaðra.

6 STARFSÞJÁLFUN OG NÝLIÐAFRÆÐSLA

6.1 ÞÁTTAKA Í OG ÞÖRF FYRIR STARFSÞJÁLFUN EÐA NÝLIÐAFRÆÐSLU

Í umræðu um tengsl náms og starfs þá er lítill ágreiningur um að sumt lærist ekki nema á vettvangi, þ.e. með því að prófa sig áfram. Jafnframt er augljóst að leiðsögn um fyrstu skrefin geta verið mjög gagnleg og fráleitt er að nýtt starfsfólk þurfi að fíkra sig áfram í nýju starfi eða á nýjum starfsvettvangi án góðrar leiðsagnar. Þess vegna er sérstaklega áhugavert að kanna hvort leitast sé við að veita nýju starfsfólki fræðslu, enda skiptir hún miklu máli (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2003). Í vinnumarkaðskönnuninni voru þeir sem voru starfandi á vinnumarkaði spurðir hvort þeir hefðu fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu þegar þeir byrjuðu í núverandi starfi. Þeir sem svöruðu því neitandi voru sömuleiðis spurðir hvort þeir teldu sig, eftir á að hyggja, hafa þurft á slíkri þjálfun að halda þegar þeir byrjuðu í núverandi starfi. Á myndum 6.1.1 og 6.1.2 má sjá niðurstöður um þessar spurningar greint eftir bakgrunni svarenda (sjá einnig töflur D og E í viðauka).²⁸

Tæplega þriðjungur (31%) starfsfólks á aldrinum 16-74 ára fékk formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu þegar það byrjaði í núverandi starfi og sé miðað við aldurshópin 25-64 ára er hlutfallið mjög svipað, eða 29%. Hér ber að hafa í huga að ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu hátt hlutfall fólks fór í störf sem það þekkti ekki til áður. Vera má að hluti hópsins hafi haft reynslu af sambærilegum störfum þegar hann byrjaði í núverandi starfi og hafi þar af leiðandi ekki þurft á slíkri þjálfun að halda. Í ljós kom að af þeim sem ekki fengu slíka þjálfun taldi um fimmtungur (19%) sig hafa þurft á henni að halda, hvort sem miðað er við aldurshópin 16-74 ára eða 25-64 ára.

Fleiri konur en karlar fengu formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu þegar þær byrjuðu í núverandi starfi, eða 35% kvenna á móti 26% karla.²⁹ Af þeim sem ekki fengu slíka þjálfun töldu konur sig frekar en karlar hafa þurft á slíkri þjálfun að halda, eða 23% kvenna á móti 15% karla.³⁰

Á mynd 6.1.1 má einnig sjá að töliverður munur var á hlutfalli starfsfólks sem fékk starfsþjálfun eða nýliðafræðslu eftir starfsstétt og atvinnugrein. Hins vegar var sá munur sem birtist í hlutföllum eftir búsetu og svæði símenntunarmiðstöðva ekki tölfræðilega marktækur.

Þá var hlutfall þeirra sem ekki fengu formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs en töldu sig engu að síður hafa þurft á slíkri fræðslu að halda marktækt ólíkt eftir atvinnugrein en ekki eftir starfsstétt, búsetu og svæði símenntunarmiðstöðva.


Það er erfitt að kveða upp dóm um það hvort niðurstöðurnar sýni gott eða slæmt ástand. Hins vegar má gera því skóna að almennt geti það gagnast fólki mjög vel að fá góða leiðsögn í upphafi starfs, allt frá nokkurra daga handleiðslu upp í nokkurra mánaða ráðgjöf. Í hópi þeirra sem ekki hafði fengið formlega leiðsögn við upphaf núverandi starfs taldi tæplega fjórðungur kvenna og 15% karla taldi sig geta grætt á meiri leiðsögn en hann fékk (sjá mynd 6.1.2). Það er skoðun höfundna þessa rits að það kunnist að vera að fólk vanmeti mikilvægi þess

²⁸ Niðurstöður þátttöku í og þörf fyrir formlega starfsþjálfun og nýliðafræðslu byggja á aldurshópnum 16-74 ára.


²⁹ $\chi^2(1)=16,9$, $p>0,001$.

³⁰ $\chi^2(1)=12,68$, $p>0,001$.

að njóta leiðsagnar í upphafi starfs. Þó að skortur á slíkri þjálfun komi ekki endilega augljóslega niður á því hvernig starfið er innt af hendi, þá má vera að starfið yrði engu að síður skilvirkara, nyti viðkomandi leiðsagnar í upphafi. Þetta er þó misjafnt eftir störfum.



Mynd 6.1.1 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir bakgrunnspáttum




Mynd 6.1.2 Hlutfall 16-74 ára sem hafði ekki fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs en telur sig hafa þurft að fá slíka þjálfun; skipt eftir bakgrunnspáttum

Nýliðafræðsla og þjálfun eftir aldri og kyni

Þátttaka í starfsþjálfun var breytileg eftir aldri. Þannig höfðu hlutfallslega fleiri í yngri aldrshópnum fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu í upphafi núverandi starfs en þeir eldri.³¹ Ef gengið er út frá því að samband sé milli starfsaldurs og aldurs má gera ráð fyrir að formleg starfsþjálfun og nýliðafræðsla sé heldur algengari nú en áður. Á bilinu 38-45% fólks á aldrinum 20-34 ára fékk slíka þjálfun við upphaf núverandi starfs, 23-29% fólks á aldrinum 35-64 ára og einungis 16% 65-74 ára. Eins og sjá má á mynd 6.1.3 var ekki marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna sem hafði fengið formlega starfsþjálfun í neinum aldurshópnum, þótt gera megi því skóna að óháð aldri halli heldur á karla þegar kemur að formlegri fræðslu og þjálfun að því tagi sem hér um ræðir.

Á hinn bóginn var ekki marktækur munur eftir aldri á hlutfalli starfsfólks sem ekki fékk en taldi sig hafa þurft að fá formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu þegar það byrjaði í núverandi starfi. Á bilinu 13-20% starfsfólks í mismunandi aldurshópum sem fékk ekki starfsþjálfun eða nýliðafræðslu í núverandi starfi taldi sig hafa þurft að fá slíka þjálfun við upphaf núverandi starfs.



Mynd 6.1.3 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir aldri og kyni


Nýliðafræðsla og þjálfun eftir menntun og kyni

Ekki er teljanlegt samband á milli fyrri menntunar og þess hvort fólk fær starfsþjálfun í upphafi starfs, en á bilinu 28-35% starfsfólks í mismunandi menntahópum hafði fengið slíka þjálfun (sjá mynd 6.1.4).³² Færa má rök fyrir því að það þyrfti að bæta þeim sem hafa stystu skólagönguna upp skort á undirbúningi. Að því leyti til hefði mátt gera ráð fyrir að hlutfallslega fleiri í hópi þeirra sem hafa einungis grunnskólamenntun hefðu fengið slíka

³¹ $\chi^2(6)=49,19$, $p>0,001$.


³² $\chi^2(3)=5,9$, $p>0,05$.

þjálfun í upphafi starfs en í öðrum menntahópum. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að þeir sem hafa meiri menntun fari að öðru jöfnu í flóknari störf og þurfi því sérstaka þjálfun við upphaf starfs. Það kemur á óvart að einungis fjórðungur háskólamenntaðs starfsfólks hafi fengið sérstaka þjálfun í upphafi starfs. Það mætti því ætla að háskólamenntaðir gangi inn í störf sem þeir voru sérstaklega þjálfaðir til, sem má þó teljast ósennilegt. Þótt vissulega séu stórar stéttir, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, sem byggja á hnitmiðuðu starfsnámi er líklegt að fólk sem starfar í þeim stéttum þurfi samt sem áður talsverða starfsþjálfun á nýjum vettvangi.



Mynd 6.1.4 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir menntun og kyni

Eins og sjá má á myndi 6.1.5 taldi allt að fjórðungur þeirra kvenna, sem ekki fengu starfsþjálfun eða nýliðafræðslu í upphafi núverandi starfs, slíka þjálfun þó hafa verið nauðsynlega. Hið sama gilti um innan við fimmtung karla. Munurinn á afstöðu kynjanna er þó ekki tölfræðilega marktækur nema meðal þeirra sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi. Munur á afstöðu kynjanna kann að helgast að einhverju leyti af ólíkum störfum, en ekki er ósennilegt að hann ráðist að einhverju leyti af ólíkum kröfum um hvað fólk þurfi að kunna til þess að geta tekist á við nýtt starf.




Mynd 6.1.5 Hlutfall 16-74 ára sem hafði ekki fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs en telur sig hafa þurft að fá slíka þjálfun; skipt eftir menntun og kyni

Nýliðafræðsla og þjálfun eftir atvinnugrein og kyni

Það kemur skýrt fram hve misjafnt það er eftir atvinnugreinum að veita þjálfun við upphaf starfs.³³ Þetta má sjá á mynd 6.1.6.

Það má hugsa sér að í einhverjum tilvikum þá hafi fólk kynnst verklagi atvinnugreinarinnar áður en það hóf það starf sem svarið er miðað við. Hins vegar er það jafnframt athyglisvert að jafnvel í þeim atvinnugreinum þar sem mörg störf eru bæði flókin og framandi þá á það hvergi við að yfir 40% karla segist hafa fengið þessa þjálfun. Sömuleiðis má sjá að fræðsla og þjálfun karla og kvenna við upphaf starfs er hugsanlega nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum, þótt munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur samkvæmt vikmörkum. Sé um raunverulegan kynjamun að ræða má velta því fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að ætla að hann megi rekja til þess að störfín í atvinnugreinunum séu um margt kynbundin, en eins og sjá má á næstu mynd (mynd 6.1.7) er fræðsla af þessu tagi mismunandi eftir starfsstéttum.

³³ $\chi^2(14)=54,1, p<0,05$.




Mynd 6.1.6 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir atvinnugrein og kyni³⁴

Nýliðafræðsla og þjálfun eftir starfstétt og kyni

Hlutfall fólks á aldrinum 16-74 ára sem hafði fengið fræðslu eða þjálfun þegar það hóf núverandi starf var breytilegt eftir starfstétt (sjá mynd 6.1.7).³⁵ Þannig virðist fræðsla og þjálfun við upphaf starfs vera algengast meðal þjónustu- og verslunarfólks, sérmenntaðra, vélafólks og sérfræðinga en hvað óalgengust meðal stjórnenda og embættismanna. Þó svo að ekki sé um að ræða tölfræðilega marktækan mun á hlutföllum eftir kyni, má vera að halli á karla í flestum starfstéttum þegar kemur að framboði á nýliðafræðslu.

³⁴ Hafa ber í huga að þáttökuhlutfall kvenna sem vinna við veitustarfsemi (100%) byggir einungis á tveimur svarendum.

³⁵ $\chi^2(8)=46,7$, $p<0,05$.




Mynd 6.1.7 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir starfsstétt og kyni

Nýliðafræðsla og þjálfun eftir stærð vinnustaðar og kyni

Eins og sjá má á mynd 6.1.8 var nýliðafræðsla og starfsþjálfun heldur algengari á stærri vinnustöðum en á þeim minni.³⁶ Sömuleiðis var kynjamunur í nýliðaþjálfun til staðar á vinnustöðum með 50 eða fleiri starfsmenn þar sem konur höfðu frekar hlotið slíka þjálfun í upphafi núverandi starfs en karlar. Kynjamunur var ekki til staðar á fámennari vinnustöðum. Vera má að þetta endurspeglar starfstéttir og atvinnugreinar, en konur eru stór hluti þjónustu- og verslunarfélks og starfsfélks í heilbrigðisþjónustu, hvar fræðsla og þjálfun af þessu tagi virðist vera hvað algengust.

³⁶ $\chi^2(2)=13,5$, $p<0,05$.




Mynd 6.1.8 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir stærð vinnustaðar og kyni

Nýliðafræðsla og þjálfun eftir búsetu og kyni

Almennt var ekki var marktækur munur á hlutfalli fólks á aldrinum 16-74 ára sem hafði hlotið starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs eftir því hvar á landinu það bjó.³⁷ Séu vikmörk skoðuð má sjá að hlutfallslega fleira starfsfólk í Reykjavík hafði fengið starfsþjálfun eða fræðslu við upphaf núverandi starfs en starfsfólk á Austurlandi. Á hinn bóginn gefur mynd 6.1.9 til kynna að þátttaka karla og kvenna í þjálfun sem þessari sé nokkuð mismunandi eftir búsetu, þótt ekki megi fullyrða um slíkt samkvæmt vikmörkum. Einkum virðast konur á Norðurlandi vera mun betur settar en karlar þar að þessu leyti en kynjamunurinn virðist hins vegar minni á öðrum landssvæðum.

³⁷ $\chi^2(8)=12,7, p>0,05$.



Mynd 6.1.9 Hlutfall 16-74 ára sem hafði fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir búsetu og kyni

6.2 STARFSÞJÁLFUN OG NÝLIÐAFRÆÐSLA – SAMANTEKT HELSTU NIÐURSTAÐNA

Telja má að nýliðafræðsla og þjálfun við upphaf starfs sé talsverð, en um þriðjungur vinnuafslisins taldi sig hafa fengið starfsþjálfun við upphaf þess starfs sem það var í þegar könnunin var gerð. Hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu fengið slíka fræðslu eða þjálfun og meðal þeirra sem ekki höfðu fengið slíka þjálfun voru konur frekar en karlar á því að þær hefðu þurft á slíkri starfsþjálfun að halda.

Hlutfall starfsfólks sem fékk fræðslu eða þjálfun við upphaf starfs var einnig breytilegt eftir aldri, en yngri hóparnir voru mun líklegri til að hafa hlotið slíka þjálfun en þeir sem eldri voru, eða nálægt 40% starfsfólks í yngri aldurshópunum. Sömuleiðis var hlutfallið ólíkt eftir stærð vinnustaða og atvinnugrein.

Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að allstór hópur fólks gangi til flókinna starfa án þess að fá um það sérstaka leiðsögn, sem hugsanlega má skýra með því að það starfsfólk hafi verið í keimlíkum störfum áður eða þekki til (t.d. þeir sem fá stöðuhækkun án þess að skipta um vinnustað).

Það leikur enginn vafi á því að nýliðafræðsla getur skipt miklu máli, en þó eru það aðeins um 20% þeirra sem ekki fengu hana við upphaf núverandi starfs sem telja sig hefðu þurft á henni að halda. Þótt þarna sé ákveðinn hluti starfsfólks sem telur sig hefði verið betur sett hefði það

fengið slíka fræðslu, þá teljum við þetta hlutfall fremur lágt. Það leiðir hugann að því hvaða viðmið fólk hefur um kunnáttu sína, um starfið sem það tekst á við og um gildi fræðslunnar.

Við söknum þess að vita ekki í hverju fræðslan fólst hverju sinni. Til dæmis má vera að fólk telji það nýliðafræðslu þótt það hafi aðeins fengið örstutta kynningu á nýja vinnustaðnum og í henni hafi ekki endilega falið veigamikil innleiðsla í starfið eða raunveruleg starfsþjálfun. Það er því mikilvægt að fræðslu af þessu tagi sé gefinn nánari gaumur.

7 VIÐAUKI

Tafla A. Bakgrunnur fólks

	Fjöldi*	Hlutfall
Allir 16-74 ára	196.499	100,0%
Allir 25-64 ára	140.500	100,0%
Kyn 25-64 ára		
Karl	70.867	50,4%
Kona	69.633	49,6%
Aldur 16-74 ára		
16-19 ára	15.779	8,0%
20-24 ára	20.760	10,6%
25-34 ára	38.402	19,5%
35-44 ára	41.821	21,3%
45-54 ára	37.079	18,9%
55-64 ára	23.198	11,8%
65-74 ára	19.460	9,9%
Menntun 25-64 ára		
Grunnskólamenntun	42.498	30,6%
Bókleg menntun á framhaldsskólastigi	23.296	16,8%
Starfsmenntun á framhaldsskólastigi	31.396	22,6%
Háskólamenntun	41.727	30,0%
Staða á vinnumarkaði 25-64 ára		
Starfandi	125.259	89,2%
Atvinnulaus	2.940	2,1%
Utan vinnumarkaðar	12.300	8,8%
Atvinnugrein 25-64 ára		
Heilbrigðisþjónusta	20.533	16,4%
Verslun og viðgerðir	14.197	11,3%
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	13.479	10,8%
Annar iðnaður	12.090	9,7%
Fræðslustarfsemi	11.303	9,0%
Mannvirkjagerð	7.969	6,4%
Opinber stjórnarsýsla	7.816	6,2%
Önnur þjónusta/menningarstarfsemi	7.789	6,2%
Samgöngur og fjarskipti	7.356	5,9%
Fiskveiðar	4.946	3,9%
Landbúnaður	4.815	3,8%
Fiskvinnsla	4.230	3,4%
Hótel og veitingahús	3.798	3,0%
Fjármálaþjónusta	3.605	2,9%
Veitustarfsemi	1.332	1,1%

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

Tafla A frh. Bakgrunnur fólks

	Fjöldi*	Hlutfall
Allir 25-64 ára	140.500	100,0%
Starfsstétt 25-64 ára		
Stjórnendur og embættismenn	10.433	8,3%
Sérfræðingar	25.781	20,6%
Sérmenntað starfsfólk	19.597	15,6%
Skrifstofufólk	10.015	8,0%
Þjónustu- og verslunarfólk	22.252	17,8%
Bændur og fiskimenn	7.351	5,9%
Iðnaðarmenn	17.509	14,0%
Véla- og vélgæslufólk	5.419	4,3%
Ósérhæft starfsfólk	6.902	5,5%
Búseta 25-64 ára		
Reykjavík	55.288	39,4%
Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæði	33.634	24,0%
Reykjanes	6.888	4,9%
Vesturland	7.512	5,3%
Vestfirðir	3.621	2,6%
Norðurland vestra	4.074	2,9%
Norðurland eystra	14.250	10,1%
Austurland	5.619	4,0%
Suðurland	9.536	6,8%
Svæði símenntunarmiðsöðva 25-64 ára		
Mímir	88.041	62,7%
Suðurnes	6.888	4,9%
Vesturland	7.747	5,5%
Vestfirðir	3.847	2,7%
Norðurland vestra	4.082	2,9%
Símey	11.220	8,0%
Þingeyingar	3.319	2,4%
Austurland	5.692	4,1%
Suðurland	7.665	5,5%
Vestmannaeyjar	1.999	1,4%

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

Tafla B. Þátttaka í formlega skólakerfinu síðustu 12 mánuði; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 16-74 ára	23%	77%	100%	196.000
Allir 25-64 ára	13%	87%	100%	140.296
Kyn 25-64 ára^M				
Karl	9%	91%	100%	70.753
Kona	17%	83%	100%	69.544
Aldur 16-74 ára^M				
16-19 ára	86%	14%	100%	15.713
20-24 ára	69%	31%	100%	20.679
25-34 ára	26%	74%	100%	38.402
35-44 ára	11%	89%	100%	41.821
45-54 ára	7%	93%	100%	37.079
55-64 ára	4%	96%	100%	22.994
65-74 ára	0%	100%	100%	19.312
Menntun 25-64 ára^M				
Grunnskólamenntun	7%	93%	100%	42.498
Bókleg menntun á framhaldsskólastigi	22%	78%	100%	23.296
Starfsmenntun á framhaldsskólastigi	9%	91%	100%	31.395
Háskólamenntun	17%	83%	100%	41.726
Staða á vinnumarkaði 25-64 ára^M				
Starfandi	11%	89%	100%	125.170
Atvinnulaus	14%	86%	100%	2.940
Utan vinnumarkaðar	29%	71%	100%	12.186
Atvinnugrein 25-64 ára^M				
Hótel og veitingahús	17%	83%	100%	3.798
Fræðslustarfsemi	16%	84%	100%	11.303
Fjármálaþjónusta	15%	85%	100%	3.606
Opinber stjórnýsla	15%	85%	100%	7.816
Heilbrigðisþjónusta	14%	86%	100%	20.443
Önnur þjónusta/menningarstarfsemi	14%	86%	100%	7.789
Samgöngur og fjarskipti	14%	86%	100%	7.356
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	13%	87%	100%	13.480
Fiskvinnsla	9%	91%	100%	4.230
Annar iðnaður	9%	91%	100%	12.090
Mannvirkjagerð	8%	92%	100%	7.969
Verslun og viðgerðir	7%	93%	100%	14.197
Fiskveiðar	6%	94%	100%	4.945
Landbúnaður	3%	97%	100%	4.815
Veitustarfsemi	0%	100%	100%	1.332

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla B frh. Þátttaka í formlega skólakerfinu síðustu 12 mánuði; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 25-64 ára	23%	77%	100%	196.000
Starfsstétt 25-64 ára^M				
Stjórnendur og embættismenn	12%	88%	100%	10.433
Sérfræðingar	17%	83%	100%	25.781
Sérmenntað starfsfólk	10%	90%	100%	19.598
Skrifstofufólk	12%	88%	100%	10.015
Þjónustu- og verslunarfólk	13%	87%	100%	22.162
Bændur og fiskimenn	3%	97%	100%	7.351
Iðnaðarmenn	6%	94%	100%	17.510
Véla- og vélgæslufólk	6%	94%	100%	5.419
Ósérhæft starfsfólk	12%	88%	100%	6.902
Búseta 25-64 ára^M				
Reykjavík	17%	83%	100%	55.141
Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæði	14%	86%	100%	33.577
Reykjanes	9%	91%	100%	6.888
Vesturland	9%	91%	100%	7.513
Vestfirðir	6%	94%	100%	3.620
Norðurland vestra	6%	94%	100%	4.073
Norðurland eystra	8%	92%	100%	14.250
Austurland	10%	90%	100%	5.619
Suðurland	6%	94%	100%	9.537
Svæði símenntunarmiðsöðva 25-64 ára				
Mímir	16%	84%	100%	88.041
Suðurnes	9%	91%	100%	6.888
Vesturland	9%	91%	100%	7.747
Vestfirðir	6%	94%	100%	3.847
Norðurland vestra	6%	94%	100%	4.082
Símey	9%	91%	100%	11.220
Þingeyingar	9%	91%	100%	3.318
Austurland	9%	91%	100%	5.692
Suðurland	7%	93%	100%	7.665
Vestmannaeyjar	8%	92%	100%	1.999

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla C. Þátttaka í fræðslu með leiðbeinanda síðustu 12 mánuði; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 16-74 ára	39%	61%	100%	119.033
Allir 25-64 ára	47%	53%	100%	140.500
Kyn 25-64 ára^M				
Karl	44%	56%	100%	70.867
Kona	50%	50%	100%	69.633
Aldur 16-74 ára^M				
16-19 ára	21%	79%	100%	15.779
20-24 ára	24%	76%	100%	20.760
25-34 ára	43%	57%	100%	38.402
35-44 ára	52%	48%	100%	41.821
45-54 ára	51%	49%	100%	37.079
55-64 ára	40%	60%	100%	23.197
65-74 ára	15%	85%	100%	19.460
Menntun 25-64 ára^M				
Grunnskólamenntun	33%	67%	100%	42.498
Bókleg menntun á framhaldsskólastigi	45%	55%	100%	23.297
Starfsmenntun á framhaldsskólastigi	45%	55%	100%	31.395
Háskólamenntun	66%	34%	100%	41.727
Staða á vinnumarkaði 25-64 ára^M				
Starfandi	50%	50%	100%	125.259
Atvinnulaus	28%	72%	100%	2.940
Utan vinnumarkaðar	22%	78%	100%	12.301
Atvinnugrein 25-64 ára^M				
Fjármálaþjónusta	72%	28%	100%	3.605
Fræðslustarfsemi	72%	28%	100%	11.303
Veitustarfsemi	71%	29%	100%	1.333
Opinber stjórnslá	65%	35%	100%	7.816
Heilbrigðisþjónusta	62%	38%	100%	20.533
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	58%	42%	100%	13.479
Önnur þjónusta/menningarstarfsemi	57%	43%	100%	7.790
Samgöngur og fjarskipti	54%	46%	100%	7.356
Verslun og viðgerðir	40%	60%	100%	14.198
Landbúnaður	38%	62%	100%	4.816
Annar iðnaður	36%	64%	100%	12.090
Hótel og veitingahús	29%	71%	100%	3.798
Fiskveiðar	25%	75%	100%	4.945
Mannvirkjagerð	25%	75%	100%	7.969
Fiskvinnsla	20%	80%	100%	4.231

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla C frh. Þátttaka í fræðslu með leiðbeinanda síðustu 12 mánuði; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 25-64 ára	47%	53%	100%	140.500
Starfsstétt 25-64 ára^M				
Stjórnendur og embættismenn	63%	37%	100%	10.433
Sérfræðingar	74%	26%	100%	25.781
Sérmenntað starfsfólk	62%	38%	100%	19.597
Skrifstofufólk	46%	54%	100%	10.016
Þjónustu- og verslunarfólk	43%	57%	100%	22.252
Bændur og fiskimenn	27%	73%	100%	7.352
Iðnaðarmenn	32%	68%	100%	17.509
Véla- og vélgæslufólk	25%	75%	100%	5.419
Ósérhæft starfsfólk	31%	69%	100%	6.902
Búseta 25-64 ára				
Reykjavík	49%	51%	100%	55.288
Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæði	50%	50%	100%	33.634
Reykjanes	41%	59%	100%	6.888
Vesturland	44%	56%	100%	7.512
Vestfirðir	45%	55%	100%	3.620
Norðurland vestra	47%	53%	100%	4.074
Norðurland eystra	44%	56%	100%	14.250
Austurland	38%	62%	100%	5.619
Suðurland	44%	56%	100%	9.537
Svæði símenntunarmiðsöðva 25-64 ára				
Mímir	50%	50%	100%	88.041
Suðurnes	41%	59%	100%	6.888
Vesturland	43%	57%	100%	7.747
Vestfirðir	42%	58%	100%	3.847
Norðurland vestra	49%	51%	100%	4.082
Símei	46%	54%	100%	11.220
Þingeyingar	42%	58%	100%	3.318
Austurland	39%	61%	100%	5.692
Suðurland	44%	56%	100%	7.665
Vestmannaeyjar	40%	60%	100%	1.999

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla D. Hlutfall starfandi fólks sem fékk starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 16-74 ára	30%	70%	100%	154.142
Kyn 16-74 ára^M				
Karl	26%	74%	100%	80.562
Kona	35%	65%	100%	73.580
Aldur 16-74 ára^M				
16-19 ára	45%	55%	100%	9.953
20-24 ára	38%	62%	100%	14.482
25-34 ára	37%	63%	100%	32.340
35-44 ára	27%	73%	100%	37.767
45-54 ára	23%	77%	100%	33.316
55-64 ára	29%	71%	100%	19.765
65-74 ára	16%	84%	100%	6.520
Menntun 16-74 ára				
Grunnskólamenntun	31%	69%	100%	53.164
Bókleg menntun á framhaldsskólastigi	34%	66%	100%	27.572
Starfsmenntun á framhaldsskólastigi	28%	72%	100%	31.245
Háskólamenntun	27%	73%	100%	40.335
Atvinnugrein 16-74 ára^M				
Heilbrigðisþjónusta	42%	58%	100%	24.759
Samgöngur og fjarskipti	38%	62%	100%	8.629
Opinber stjórnýsla	36%	64%	100%	8.668
Fjármálaþjónusta	31%	69%	100%	4.073
Annar iðnaður	31%	69%	100%	15.182
Fiskveiðar	30%	70%	100%	5.460
Önnur þjónusta/menningarstarfsemi	30%	70%	100%	10.674
Verslun og viðgerðir	29%	71%	100%	19.532
Fiskvinnsla	27%	73%	100%	6.063
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	26%	74%	100%	15.911
Fræðslustarfsemi	26%	74%	100%	11.872
Hótel og veitingahús	24%	76%	100%	6.285
Mannvirkjagerð	18%	82%	100%	9.899
Veitustarfsemi	17%	83%	100%	1.332
Landbúnaður	12%	88%	100%	5.527

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla D frh. Hlutfall starfandi fólks sem fékk starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 16-74 ára	30%	70%	100%	154.142
Starfsstétt 16-74 ára^M				
Stjórnendur og embættismenn	15%	85%	100%	10.981
Sérfræðingar	31%	69%	100%	26.932
Sérmenntað starfsfólk	34%	66%	100%	22.049
Skrifstofufólk	28%	72%	100%	13.299
Þjónustu- og verslunarfólk	40%	60%	100%	31.774
Bændur og fiskimenn	23%	77%	100%	8.208
Iðnaðarmenn	24%	76%	100%	21.058
Véla- og vélgæslufólk	31%	69%	100%	6.424
Ósérhæft starfsfólk	27%	73%	100%	13.140
Búseta 16-74 ára				
Reykjavík	32%	68%	100%	60.460
Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæði	32%	68%	100%	36.234
Reykjanes	27%	73%	100%	7.959
Vesturland	29%	71%	100%	8.319
Vestfirðir	26%	74%	100%	4.395
Norðurland vestra	22%	78%	100%	4.870
Norðurland eystra	28%	72%	100%	14.479
Austurland	16%	84%	100%	5.708
Suðurland	32%	68%	100%	11.718
Svæði símenntunarmiðsöðva 16-74 ára				
Mímir	32%	68%	100%	94.298
Suðurnes	26%	74%	100%	7.872
Vesturland	29%	71%	100%	8.632
Vestfirðir	26%	74%	100%	4.701
Norðurland vestra	24%	76%	100%	5.127
Símey	28%	72%	100%	11.648
Þingeyingar	28%	72%	100%	3.342
Austurland	19%	81%	100%	6.154
Suðurland	33%	67%	100%	9.548
Vestmannaeyjar	36%	64%	100%	2.821

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla E. Hlutfall starfandi fólks sem hafði ekki fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs en telur sig hafa þurft að fá slíka þjálfun; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 16-74 ára	19%	81%	100%	105.899
Kyn 16-74 ára^M				
Karl	15%	85%	100%	58.508
Kona	23%	77%	100%	47.391
Aldur 16-74 ára				
16-19 ára	12%	88%	100%	5.367
20-24 ára	14%	86%	100%	8.931
25-34 ára	18%	82%	100%	20.088
35-44 ára	22%	78%	100%	27.058
45-54 ára	17%	83%	100%	25.280
55-64 ára	21%	79%	100%	13.731
65-74 ára	20%	80%	100%	5.445
Menntun 16-74 ára				
Grunnskólamenntun	19%	81%	100%	35.951
Bókleg menntun á framhaldsskólastigi	18%	82%	100%	17.842
Starfsmenntun á framhaldsskólastigi	17%	83%	100%	22.213
Háskólamenntun	20%	80%	100%	28.794
Atvinnugrein 16-74 ára^M				
Fræðslustarfsemi	31%	69%	100%	8.576
Opinber stjórnýsla	28%	72%	100%	5.442
Veitustarfsemi	27%	73%	100%	1.090
Heilbrigðisþjónusta	23%	77%	100%	13.862
Önnur þjónusta/menningarstarfsemi	21%	79%	100%	7.507
Samgöngur og fjarskipti	21%	79%	100%	5.165
Verslun og viðgerðir	20%	80%	100%	13.620
Landbúnaður	17%	83%	100%	4.826
Fjármálaþjónusta	17%	83%	100%	2.848
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	16%	84%	100%	11.543
Fiskvinnsla	14%	86%	100%	4.378
Annar iðnaður	13%	87%	100%	10.441
Mannvirkjagerð	11%	89%	100%	8.026
Fiskveiðar	10%	90%	100%	3.702
Hótel og veitingahús	5%	95%	100%	4.677

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

Tafla E frh. Hlutfall starfandi fólks sem hafði ekki fengið formlega starfsþjálfun eða nýliðafræðslu við upphaf núverandi starfs en telur sig hafa þurft að fá slíka þjálfun; skipt eftir bakgrunnspáttum

	Já	Nei	Alls	Fjöldi*
Allir 16-74 ára	19%	81%	100%	105.899
Starfsstétt 16-74 ára				
Stjórnendur og embættismenn	20%	80%	100%	9.093
Sérfræðingar	24%	76%	100%	18.248
Sérmenntað starfsfólk	20%	80%	100%	14.406
Skrifstofufólk	20%	80%	100%	9.540
Þjónustu- og verslunarfólk	21%	79%	100%	18.631
Bændur og fiskimenn	11%	89%	100%	6.194
Iðnaðarmenn	15%	85%	100%	15.748
Véla- og vélgæslufólk	10%	90%	100%	4.410
Ósérhæft starfsfólk	15%	85%	100%	9.427
Búseta 16-74 ára				
Reykjavík	18%	82%	100%	40.808
Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæði	19%	81%	100%	24.059
Reykjanes	16%	84%	100%	5.649
Vesturland	19%	81%	100%	5.736
Vestfirðir	12%	88%	100%	3.252
Norðurland vestra	25%	75%	100%	3.668
Norðurland eystra	19%	81%	100%	10.128
Austurland	16%	84%	100%	4.760
Suðurland	21%	79%	100%	7.840
Svæði símenntunarmiðsöðva 16-74 ára				
Mímir	19%	81%	100%	63.473
Suðurnes	16%	84%	100%	5.649
Vesturland	18%	82%	100%	5.964
Vestfirðir	11%	89%	100%	3.478
Norðurland vestra	27%	73%	100%	3.766
Símey	19%	81%	100%	8.175
Þingeyingar	17%	83%	100%	2.314
Austurland	15%	85%	100%	4.985
Suðurland	22%	78%	100%	6.257
Vestmannaeyjar	17%	83%	100%	1.838

*Fjöldatölur í úrtaki hafa verið reiknaðar upp í þýðistölur.

^MKí-kvaðrat sýnir að tengsl eru tölfræðilega marktæk.

8 HEIMILDIR

- Hagstofa Íslands (e.d.). Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Sótt 15. desember 2008 af http://hagstofa.is/pages/1516/?src=../vorulyingar/v_transporter.asp?filename=V00611.htm
- Ingi Rúnar Eðvarðsson (2003). *Starfsmenntun í atvinnulífi*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Jón Torfi Jónasson (2004). Fullorðinsfræða og starfsmenntun á Íslandi. Staða og þróun starfsfræðslu og símenntunar. *Gátt. Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, 1*, 12-19.
- Jón Torfi Jónasson, & Albert Tuijnman (2001). Nordic Adult Education Compared: Findings and Interpretation. *Golden Riches. Nordic Adult Learning, 2001(2)*, 6-11.
- Jón Torfi Jónasson, & Andrea Gerður Dofradóttir (2007). Er símenntunarpjódfélag á Íslandi? *Gátt. Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, 4(1)*, 17-22.
- Jón Torfi Jónasson, & Jóhanna Rósa Arnardóttir (2001). *Fræðsla fullorðinna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Jónasson, J. T., & Tuijnman, A. (2001a). Nordic Adult Education Compared: Findings and Interpretation. *Golden Riches. Nordic Adult Learning, 2001(2)*, 6-11.
- Jónasson, J. T., & Tuijnman, A. (2001b). The Nordic model of adult education: Issues for discussion. In A. Tuijnman & Z. Hellström (Eds.), *Curious Minds. Nordic adult education compared* (pp. 116-128). Copenhagen: TemaNord & Nordic Council of Ministers.
- Pont, B., Sonnet, A., Werquin, P., & Organisation for Economic Co-operation and Development. (2003). *Beyond rhetoric : adult learning policies and practices*. Paris, France: Organisation for Economic Co-operation and Development.
- Tuijnman, A., & Boström, A.-K. (2002). Changing notions of lifelong education and lifelong learning. *International Review of Education, 48(1/2)*, 93-110.